



Föstudagsviðtalið

Áherslan á hag millistéttarinnar

Framsóknarmenn vilja skattkerfisbreytingar í þágu millistéttarinnar. Þrír frambjóðendur segja hugmyndir um þjóðpeningastefnu áhugaverðar. ➔10

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brotabrot nauðgana fer fyrir dómstóla

SAMFÉLAG Afar lágt hlutfall nauðgana á Íslandi endar með sakfellingu brotamannsins samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Þetta rímar við rannsóknir annars staðar á Vesturlöndum sem sýna sömu eða svipaðar niðurstöður.

Við útreikningana tók Fréttablaðið saman tölur frá Ríkislögreglustjóra um tilkynntar nauðganir til lögreglunnar, útgefnar ákærur ríkissaksóknara í nauðgunarmálum og sakfellingar hjá héraðsdómstólunum árið 2014. Tölur frá árinu 2015 þóttu ekki gefa nægilega skýra mynd þar sem 32 prósent tilkynnta mála það árið eru enn til rannsóknar hjá lögreglu.

Að endingu voru skoðaðar árs-skýrslur Stígamóta þar sem að meðaltali 10 prósent þolenda sem leita til samtakanna kæra brot sitt til lögreglu. Það rímar við eilandar

Það sem við erum að skoða er hvernig við getum stýtt málsmeðferðartíma, tryggt gæði rannsókna, styrkt endurmenntun innan kerfisins og tryggt skilvirk úrræði fyrir brotþola og sakborninga.

María Rut Kristinsdóttir, formaður samráðshóps innanríkisráðuneytisins



rannsóknir um að tíu prósent þolenda kæri nauðgun til lögreglu sem þýðir að um 1.300 nauðganir hafi átt sér stað á Íslandi árið 2014.

Samráðshópur innanríkisráðuneytisins um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu hefur skilað af sér aðgerðaáætlun til fjögurra ára í málaflokknum og vinnur að því að forgangsraða verkefnum. „Það sem við erum að skoða er hvernig við getum stýtt málsmeðferðartíma, tryggt gæði rannsókna, styrkt endurmenntun innan kerfisins og tryggt skilvirk úrræði fyrir brotþola og sakborninga,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður hópsins.

Hún segir að þessar aðgerðir miði að því að gera kerfið betra og auka traust fólks á því svo það komi og leiti inn í kerfið þegar brotið hafi verið á því. — snæ / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag



SPORT Jármaðurinn Alexandre hættur með landsliðinu. 16

SKOÐUN Kári Jónasson skrifar um skipulagslausa ferðamennsku. 12

MENNING Rómeó og Júlía í meðföllum San Francisco ballettsins í Bíói Paradís. 22

LÍFÍÐ Gott að búa í Berlín, segir Margrét Vilhjálmsdóttir. 28

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● SAMGÖNGUR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ZENDIUM STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MED ZENDIUM TANNKREMI



Veður



Ákveðin suðaustanátt í dag. Rigning sunnan og vestan til á landinu og sums staðar talsverð rigning um tíma. Skýjað með köflum um landið norðaustanvert og yfirleitt þurr. **SJÁ SIÐU 24**



Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri og einn sakborninga, heilsar Pálma Haraldssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pálmi vildi fá sem mest fyrir hlutinn

DÓMSMÁL Pálmi Haraldsson, eigandi og framkvæmdastjóri Fons, bar vitni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á öðrum degi aðalmeðferðar í Aurum málinu svokallaða í gær. Málið snýst um umboðssvik stjórnenda Glitnis í ákvörðun um sex milljarða króna lánveitingu Glitnis til félagsins FS38 ehf. sem einnig var í eigu Pálma. Lánið notaði FS38 til að kaupa 25,7 prósent hlut Fons í skartgripakeðjunni Aurum.

„Aðkoma mín að ferli málsins var að semja fyrir hönd félagsins við bankamennina. Við tókum marga slagi um þetta, þeir vildu borga sem minnst en ég vildi fá sem mest eins og gengur og gerist á eyrinni,“ sagði Pálmi, en ákærvaldið hélt því fram á miðvikudag að hluturinn í Aurum hafi ekki verið jafn verðmætur og lánið gaf til kynna.

Pálmi neitaði því jafnframt að Jón Ásgeir Jóhannesson, sem ákærður er fyrir hlutdeild að meintum umboðssvikum, hafi haft umboð innan bankans til að koma fram fyrir hönd Fons.

Jón Ásgeir ávarpaði dóminn í gær. Hann var einn stærsti eigandi Glitnis árið 2008. Í ávarpi sínu rakti Jón Ásgeir það að hann hefði nú haft stöðu grunads manns í fjórtán ár.

„Ég hef mátt þola margar húsleitir á heimili mínu og fjölskyldu minnar og í þeim fyrirtækjum sem ég hef tengst. Mér telst til að ég hafi verið í 260 klukkustundir í yfirheyrslum og ég hef varla tölu lengur á þeim ákærum sem ég hef sætt,“ sagði Jón Ásgeir í gær. – þea, sks

Slagveðrið lemur á Tryggva



„Hér fór allt á annan endann í hvassviðrinu,“ segir Tryggvi Hansen, sem búið hefur í skógarjaðrinum í Reykjavík frá vorinu 2015. „Það væri vel þegið að fá hjólhýsi að láni eða til leigu eða þá keypt ódyrt. Eins væri gott ef einhverjir með hamar og nagla gætu komið og hjálpað hér aðeins til.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Virðing vill Kviku banka

VIDSKIPTI Verðbréfafyrirtækið Virðing hefur lagt fram tilboð um kaup á hlut í Kviku banka með það að markmiði að fyrirtækin sameinist, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Kvika varð til við sameiningu Straums og MP banka, en Virðing hafði á þeim tíma áhuga á slíkrri sameiningu. Undanfarið hefur Virðing rætt við einstaka hluthafa í Kviku með það fyrir augum að kaupa hlut í bankanum. Þær þreifingar hafa nú leitt til þess að lagt hefur verið fram formlegt tilboð um kaup á hlutafé.

Góður gangur hefur verið í rekstri Kviku og sendi bankinn í gær frá sér afkomuviðvörðun vegna meiri hagnaðar. Samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri nemur hagnaður Kviku fyrstu níu mánuði ársins rúmum milljarði króna eftir skatta. Eigið fé bankans var í lok september tæplega 6,2 milljarðar króna. – hh

Kaupmenn uggandi yfir hávaða á Laugavegi

Stærðar byggingakrani lokar nú neðsta hluta Laugavegar og hefur Reykjavíkurborg brugðið á það ráð að banna alla umferð um götuna vegna öryggis vegfarenda. Framkvæmdaaðilar fá frest til 30. nóvember til þess að klára verkið.


SAMFÉLAG Búið er að loka Laugaveginum frá gatnamótum Bergstaðastrætis að Skólavörðustíg vegna framkvæmda við fyrirhugað verslunarrými á baklöd Laugavegs 4-6. Risastór byggingakrani og steypubílar munu hafa til 30. nóvember til að klára steypuvinnuna, þá verður kraninn fjarlægður hvort sem verkið er búið eða ekki.

Lokunin er gerð vegna öryggis-sjónarmiða en bílar og gangandi vegfarendur þvældust hverjir fyrir öðrum vegna umfangs hins stóra byggingakrana. Lokunin var tekin fyrir á fundi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur þar sem Sjálfstæðisflokkurinn bókaði að mikilvægt væri að tímasetningar stæðust vegna jóla-verslunarinnar. Þeir kaupmenn sem Fréttablaðið ræddi við í nágrenni framkvæmdanna voru uggandi yfir hávaðanum sem fylgir framkvæmdunum. Enginn vildi þó tjá sig en þeir voru hissa þegar dagsetningin 30. nóvember var nefnd. Samkvæmt kynningarskilti um framkvæmdirnar kemur fram að húsið sem mun rísa eigi að sameina nútímalega hönnun og karakter gömlu húsanna með smekklefum hætti.

Reykjavíkurborg keypti lóðina á 580 milljónir árið 2008 en seldi á 365 milljónir 2014. Kaupin voru gerð í tengslum við samstarfsyfirlýsingu Ólafs F. Magnússonar og Sjálfstæðismanna í borgarstjórn þegar myndaður var nýr meirihluti í borgarstjórn og Ólafur F. varð borgarstjóri.

Gunnar Guðjónsson, formaður Samtaka kaupmanna og fasteignaiegenda við Laugaveg, segir að lokunin hafi farið öfugt ofan í rekstraraðila.

„Eftir að kraninn stóri fór út á miðja götu þá kom kvörtun og framkvæmdirnar voru metnar þannig að þær væru



Búið er að loka Laugaveginum frá Bankastræti að Skólavörðustíg og þurfa öku-menn að fara um hjáleid FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framkvæmdirnar voru metnar þannig að þær séu hættulegar og þá þarf að loka fyrir bíla. Þá verður eðlilega allt brjáláð meðal rekstrar-aðila

Gunnar Guðjónsson, gleraugna-kaupmaður í Gleraugnamistöðinni og formaður Samtaka kaupmanna og fasteignaiegenda við Laugaveg



hættulegar og þá þarf að loka fyrir bíla. Þá verður eðlilega allt brjáláð meðal rekstrar-aðila,“ segir hann.

Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að lokunin hafi verið samþykkt vegna öryggismála vegfarenda. „Við erum almennt ekki hrifin af gatnalokunum á þessum tíma árs. Við lögðum fram bókun þar sem við áteljum þessi vinnubrögð. Kraninn verður tekinn niður 30. nóvember og ég fékk yfirlýsingu þess efnis að ef þetta verður ekki búið verði kraninn tekinn niður, jafnvel á kostnað verktakans. Það er algjört lyklatríði í mínum huga að kaupmenn nái jóla-versluninni, hún er þeim mjög mikilvæg.“ benediktboas@frettabladid.is

1. desember í 3 nætur

Frá kr. 119.900 m/morgunmat

Aðventan í

BRUGGE

Martin's Brugge

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 í herbergi.

Heimsferðir

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



ŠKODA Octavia G-TEC

Fyrir náttúruna og veskið

OCTAVIA ER MEST SELDI BÍLL
Á ÍSLANDI 2015
#1



Þú kemst lengra en borgar minna

ŠKODA Octavia G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.

Verð frá aðeins:

3.350.000 kr.

Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**

G-Tec fæst nú
einnig sjálfskiptur!



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

www.skoda.is



Íbúar voru í stórhættu.

Tveir hafa sprungið

SLYS Gaskúturinn sem sprakk í Þórufelli í Breiðholti um liðna helgi er af sömu tegund og kúturinn sem sprakk á Akureyri í júlí og flaug inn í íbúð í bænum. Þetta eru smellugas-kútar úr trefjaplasti frá Olis. Kristján Már Atlason, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Olis, telur kútana örugga þrátt fyrir þessi óhöpp.

„Samkvæmt okkar upplýsingum þá eru þessir kútar ekki að springa á sama hátt og því er um ólíkar sprengingar að ræða,“ segir Kristján Már. Sýni niðurstöður rannsókna að kúturnir séu óruggir muni þeir að sjálfsgöðu innkalla þá. „Hins vegar eru framleiddar milljónir af slíkum kútum árlega og þeir notaðir um allan heim.“ Gaskúturnir eru frá fyrirtækinu Kosan Gas í Danmörku. – sa

Kvikmyndasafn fái Bæjarbíó

MENNING Erlendur Sveinsson, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands, vill fá skýringar frá bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði á því að ekki komi til greina að safnið fái Bæjarbíó til umráða.

Kvikmyndasafnið var til húsa í Bæjarbíói og hélt þar úti kvikmyndasýningum í fjórtán ár þar til rekstur hússins var falinn öðrum fyrir nokkrum árum. Auglýst var eftir nýjum rekstraraðila í haust á forsendum sem Erlendur segir ekki henta safninu.


„Er hægt að fá úr því skorið hvað það er sem veldur því að menningarmálanefnd og bæjaryfirvöld telja sig ekki geta náð markmiðum sínum varðandi rekstur Bæjarbíós með því að fela hann Kvikmyndasafni Íslands á nýjan leik?“ spyr Erlendur í bréfi til bæjarráðs Hafnarfjarðar. – gar

Hvað það er sem veldur því að menningarmálanefnd og bæjaryfirvöld telja sig ekki geta náð markmiðum sínum?



Erlendur Sveinsson forstöðumaður Kvikmyndasafnsins

Útreikningar Fréttablaðsins á afdrifum nauðgunarmála árið 2014



■ 1.300 nauðganir í heild. ■ 131 nauðgun tilkynnt til lögreglu. ■ 67 mál fóru áfram til saksóknara. ■ 15 ákætur voru gefnar út af saksóknara. ■ 7 dómur féllu.

Fáar nauðganir enda fyrir dómi

Útreikningar Fréttablaðsins benda til þess að einungis um fimm prósent nauðgana á Íslandi endi með sakfellingu brotamanns. Miðað er við tölur frá lögreglu, Ríkissaksóknara, dómstólum og Stígamótum.

SAMFÉLAG Afar lágt hlutfall nauðgana á Íslandi endar með sakfellingu brotamannsins samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Þetta rímar við rannsóknir annars staðar á Vesturlöndum sem sýna sömu eða svipaðar niðurstöður.

Við útreikningana tók Fréttablaðið saman tölur frá Ríkislögreglustjóra um tilkynntar nauðganir til lögreglunnar, útgefnar ákætur ríkissaksóknara í nauðgunarmálum og sakfellingar hjá héraðsdómstólunum árið 2014. Tölur frá árinu 2015 þóttu ekki gefa nægilega skýra mynd þar sem 32 prósent tilkynnta mála það árið eru enn

til rannsóknar hjá lögreglu. Að endingu voru skoðaðar ársskýrslur Stígamóta þar sem að meðaltali 10 prósent þolenda sem leita til samtakanna kæra brot sitt til lögreglu. Það rímar við erlendar rannsóknir um að tíu prósent þolenda kæri nauðgun til lögreglu sem þýðir að um 1.300 nauðganir hafi átt sér stað á Íslandi árið 2014. Hins vegar er vert að nefna sænska rannsókn frá Háskólanum í Uppsöllum frá árinu 2014 sem segir að einungis fimm prósent kvenna sem verða fyrir kynferðisofbeldi á fullorðinsárum kæri málið til lögreglu.

Vert er að taka það fram að þessi

útreikningur gefur aðeins mynd af því hvernig staðan er í þessum málum. Langur málsmeðferðartími hjá lögreglu, ríkissaksóknara og dómstólum veldur því að ólíklegt er að nokkur, ef einhver, þeirra mála sem tilkynnt voru hjá lögreglu 2014 séu komin í gegnum kerfið fyrir árslok. Þrátt fyrir það er tölfræðin svipuð ár frá ári og þess vegna óhætt að draga þá ályktun að þarna fari nokkuð raunsönn mynd af hlutfalli þeirra nauðgunarmála sem sakfelld er í.

Samráðshópur innanríkisráðuneytisins um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu hefur skil-

af af sér aðgerðaáætlun til fjögurra ára í málaflokknum og vinnur að því að forgangsraða verkefnum. „Það sem við erum að skoða er hvernig við getum stýtt málsmeðferðartíma, tryggt gæði rannsókna, styrkt endurmenntun innan kerfisins og tryggt skilvirk úrræði fyrir brotþola og sakborninga,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður hópsins.

„Auðvitað miða allar þessar aðgerðir að því að gera kerfið betra og auka traust fólks á kerfinu svo það komi og leiti inn í kerfið þegar brotið hefur verið á því. Þannig getum við tryggt réttaröryggi.“ snaeros@frettabladid.is

LYFJA
– Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

Strepsils
Dregur úr eymslum og ertingu í hálsi
- á aðeins 5 mínútum



Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm munnsogstöflur. Samantekt á eiginleikum lyfs - stytur texti SPC. Innihaldsefni: 2,4-tvíklóróbensylalkóhól 1,2 mg, amylmetakresól 0,6 mg. Abendingar: Eymsli og erting í hálsi. Skammtar og lyfjagjöf: Strepsils Cool: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 1 munnsogstafli er látin leysast hægt upp í munn á 2-3 klst. fresti. Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm: Fullorðnir og börn 6 ára og eldri: 1 munnsogstafli er látin leysast hægt upp í munn á 2-3 klst. fresti. Börn á aldrinum 6-11 ára: Lyfið skal gefa undir eftirliti fullorðins aðila. Börn yngri en 6 ára: Vegna lyfjaformsins skal notkun takmarkast við börn eldri en 6 ára. Frábendingar: Ofnæmi fyrir virku efnum eða einhverju hjálparefnum. Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Ekki nota stærri skammt en ráðlagður er. Sjúklingurinn skal leita læknis ef hann er í vafa eða ef einkenni lagast ekki eða versna innan nokkurra daga. Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Warm inniheldur glúkósa og súkrósa. Sjúklingar með fruktósaþöpl, glúkósa-galakτόςávanfrásög eða súkrasa-ísómaltaþáburð, sem eru sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Strepsils Jordbær Sukkerfri inniheldur ísómalt og maltitól sem geta haft væg hægðalosandi áhrif. Sjúklingar með arfgengt fruktósaþöpl, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki taka lyfið. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurtrauni 12a, 210 Gardabæ.

F&F



HAUSTÚTSALA

50%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

Kringlan, Skeifan, Spöng,
Garðabær, Borgarnes,
Njarðvík, Selfoss og Akureyri





Matargjafir

Eru þær lausn á vanda þeirra sem búa við fátækt?

Morgunverðarfundur um mataraðstoð í dag, föstudag kl. 8:30 á Grand Hótel.

Uppl. og skráning á Facebooksíðu EAPN á Íslandi.

EUROPEAN ANTI POVERTY NETWORK EAPN ÍSLAND **PeP** PEOPLE EXPERIENCING POVERTY PEPP ÍSLAND



Gullkistan

Vetrar-fagnaður

á Kringlukránni um helgina, 21.-22. okt.

Rætur rokksins. **Stanslaust stuð!**

kringlukrain.is



Laufskálahátíðin í Jerúsalem



Skrúðganga var gengin þegar laufskálahátíðin fór fram í Jerúsalem í gær. Talið er að sex þúsund manns hafi farið til Ísraels til að taka þátt í hátíðinni sem haldin er árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Munur á markaðsverði og skiptaverði mikill

Svo virðist sem ekkert geti komið í veg fyrir verkfall sjómanna eftir að viðræður sigldu í strand í síðasta mánuði. Samningar lausir í fimm ár. Forgangskrafa sjómanna er að greitt sé markaðsverð fyrir aflann svo sjómenn fái réttan hlut.

SJÁVARÚTVEGUR Mikill verðmunur er á ýsu og þorski eftir því hvort fiskurinn er seldur beint inn í vinnslu eða fer á markað. Meðalverð á slægðum þorski í júlí var rúmar 212 krónur beint inn í vinnslu útgerðanna en meðalverð á markaði var 287 krónur. Einnig var meðalverðið á markaði hærra fyrir óslægðan þorsk.

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómanna-sambands Íslands, segir það mjög mikilvægt að útgerðir greiði markaðsverð fyrir fiskinn sem sjómenn komi með að landi. „Það í sjálfu sér skiptir ekki máli hver kaupir fiskinn og ekki forgangskrafa okkar að allur fiskur fari á markað, síður en svo. Það er hins vegar skýlaus krafa okkar að útgerðir borgi það verð sem markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir aflann. Þarna eru sjómenn ekki að fá réttan hlut og útgerðin græðir,“ segir Valmundur.

Útgerðir kaupa fisk af eigin áhöfnum inn til vinnslustöðva sem eru í eigu útgerðanna. Kaupverðið á aflannum segir til um laun sjómanna eftir veiðitúrinn, það er að þeir fá hlut af þeim afla sem selst. Verðið er ákveðið af úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Munurinn á skiptaverði og markaðsverði óslægðs þorsks er aðeins 21 króna á hvert kíló. Þótt þar sé kannski um fáar krónur að ræða getur það numið milljörðum ef skiptaverðið færðist nær markaðsverði, sem myndi þýða hærri laun sjómanna, hærra útsvar fyrir sveitarfélög og meiri skatttekjur ríkisins.

Sjómenn segja það forgangskröfu í samningagerð sinni við útgerðina að menn greiði rétt verð fyrir þann afla sem er veiddur. Sjómenn hafa

Útgerðir greiða lægra en markaðsverð fyrir þorsk og ýsu

Kr/kg í júlí 2016

	Selt beint til fiskiverkenda	Selt á markað	mis-munur
Óslægður þorskur	242	264	22
Slægður þorskur	213	287	74
Óslægð ýsa	257	343	86
Slægð ýsa m/haus	210	223	13
Óslægður ufsi	127	108	-19
Slægður ufsi m/haus	149	117	-32
Slægður steinbítur	165	163	-2

HEIMILD: VERDLAGSSTOFA SKIPTAVERDS



Samherji er eitt útgerðarfélaganna sem kaupa aflann af sjómönnum á skiptaverði sem útgerðarmenn og sjómenn ákvarða í sameiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

Það er hins vegar skýlaus krafa okkar að útgerðir borgi það verð sem markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir aflann.


Valmundur Valmundsson, formaður Sjómanna-sambands Íslands



verið með lausan samning frá árinu 2011 og eru orðnir langþreyttir á tregðu útgerðarmanna til að

semja. Ef ekkert gerist mun íslenski flotinn leggjast allur við bryggju þann 10. nóvember næstkomandi.

Valmundur segir það líka vera þannig að markaðurinn vinni oft sem milliliður og að sá afli sem fari á markað fari ekki sjálfkrafa á uppboð. „Svo má líka segja að markaðurinn sé pinulítið skakkur því aflinn þar er ekki boðinn upp heldur segjast menn oft bara vilja kaupa aflann úr þessu skipi á þessu verði án þess að skoða hvað markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir. Því er markaðsverð oft lægra en það ætti að vera,“ segir Valmundur. sveinn@frettabladid.is



STÖÐUGLEIKI

Langþreyttur kjósandi óskar eftir raunsæjum og úrræðagóðum frambjóðanda með stöðugleika til langs tíma í huga. Verðbólga og gengissveiflur illa séðar.

Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.

Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is. KJÓSUM GOTT LÍF

fyrirtækja og heimila stöðugleika í

SI Samtök iðnaðarins

VINSÆLASTI SMÁBÍLL EVRÓPU



NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fánlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra akstursegginleika Ford Fiesta
- komdu og prófaðu**

FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.290.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.690.000** KR.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsættum og 4,2" TFT upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO₂ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ♦ Ford Fiesta, bensín 65 hó/EcoBoost 100 hó, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km. ♦ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hó, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Kosningar
2016Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is
Jón Hákon
Halldórsson
jonhakon@365.is

Kosningabaráttan er á lokametrunum. Framboðin keppast við að vinna traust kjósenda og koma sínum málefnum á framfæri. Nú er allt undir.

Július K. Valdimarsson, formaður Húmanistaflokksins, segir flokk sinn grundvallaðan út frá mannréttindum. „Varðandi mannréttindi, þá koma efnahagsmálin númer eitt vegna þess að öll mannréttindabrot eiga sér rætur í broti á efnahagslegum rétti, rétti til að hafa manneskjuleg kjör, húsnæði, aðgang að heilbrigðisþjónustu og slíku. Þetta eru allt mannréttindi og þess vegna er áhersla okkar núna í kosningunum á efnahagsmálin mest,“ segir Július.

Hann segir að fyrsta frumvarpið sem flokkurinn myndi leggja fram væri um þjóðpeningakerfi. „Er það ekki rétt Július að þessi þjóðpeningastefna er nákvæmlega tillaga Frosta Sigurjónssonar þingmanns okkar Framsóknar sem við höfum meðal annars haldið ráðstefnu um?“ spyr Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra. Hann segir stefnuna áhugaverða og að Framsóknarflokkurinn sé að skoða hana í samstarfi við forsætisráðuneytið og marga af helstu hagfræðingum heims. „Ég tek undir þetta varðandi þjóðpeningakerfi. Við höfum einmitt lagt fram svipaðar hugmyndir, ef ekki þær sömu,“ segir Helgi Helgason, formaður Íslensku þjóðfylkingarinnar.

Sigurður Ingi segir Framsóknarflokkinn leggja mesta áherslu á þrjú kosningamál. Hann nefnir fyrst röt-tæka uppstokkun á skattkerfinu til að auka hag millistettarinnar. Hann segir flokkinn vilja skoða nánar þær tillögur sem samráðsvettvangur um aukna hagsæld kynnti fyrr á árinu.

„Aftur byggðust þær á tillögum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, OECD og aðrar alþjóðastofnanir hafa bent á að það þurfi að einfalda skattkerfið á Íslandi og taka á því sem við þekkjum hér ágætlega, að fólk með meðaltekjur þarf að setta sig við það að jafnarskatta-áhrif vegna vaxtabóta, barnabóta og annarra þátta gera það að verkum að skattbyrði á þetta fólk er hærrí hér en á Norðurlöndunum,“ segir Sigurður Ingi. Hann segir þetta fela í sér röt-tæka uppstokkun á kerfinu og Framsóknarflokkurinn vilji að sex mánuðir yrðu teknir í að kortleggja hvernig standa mætti að málum til að tryggja árangurinn sem best. „En líka kannna áhrif á þá hóp sem hugsanlega gætu nýtt sér þetta



Vel fór á með frambjóðendum í myndatöku í Listasafni Íslands á Frikirkjuvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auka jöfnuð og uppræta fátækt

Formenn þriggja stjórnsmálaflokka segja tillögur um þjóðpeningakerfi áhuga-verðar. Formaður Flokks fólksins segir eldri borgara og öryrkja hafa setið eftir heima með tannpinu. Íslenska þjóðfylkingin vill breytingar á fiskveiðistjórn.

Varðandi mannréttindi, þá koma efnahagsmálin númer eitt vegna þess að öll mannréttindabrot eiga sér rætur í broti á efnahagslegum rétti.

Július K. Valdimarsson, formaður Húmanistaflokksins

mjög vel. Eins og bæði námsmenn, þá sem þiggja bætur og þá sem eru í hlutastörfum. Þetta er mjög vinnuhvetjandi,“ segir Sigurður Ingi.

Uppræta fátækt

Sigurður Ingi segir Framsóknarflokkinn líka hafa skýra sýn á það hvað helst þurfi að gera í heilbrigðismálum á næstu árum. „Í fjármálaáætlun er ríkisstjórnin að bæta 30 milljörðum í á næstu fimm árum. Þeir fara úr 170 milljörðum yfir í 200 milljarða, en við sjáum að það þarf að gera betur,“ segir Sigurður Ingi. Hann segir Framsóknarflokkinn vilja gera tannlæknaþjónu gjaldfrjálsan fyrir aldraða. „Það kostar rúman milljarð að fara með það á sama stað og við vorum á 2005 eða 6 þar sem við niðurgreiddum 80 prósent,“ segir Sigurður Ingi. Þriðja stóra málið sem hann nefnir er endurskoðun peningastefnunnar. „Peningastefnan var sett á laggirnar 2001 í allt öðru hagkerfi en því sem við búum við í dag,“ segir Sigurður Ingi. Markmiðið með endurskoðuninni ætti að vera að draga úr sveiflum í efnahagslífinu.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segir tannlæknaþjónu aldræðra og öryrkja í ólesti. „Það hefur ekki verið samið við Sjúkratryggingar Íslands síðan 1996 um tannlækningar fyrir öryrkja og eldri borgara.“ Árið 2003 hafi eitthvað aðeins verið lagt í málaflókkin. Tannlækningarnar hafi þó aldrei verið niðurgreiddar um 75-80 prósent, eins og Sigurður Ingi heldur fram. „Heldur var það þveröfugt. Þannig að eftir sátu eldri borgarar og öryrkjar oftast heima með tannpinu og gátu ekki leitað sér tannlækninga. Síðan kom reglugerð 2013 eða 14 þar sem var kveðið á um að koma til móts við þetta og leiðrétt en það var samt ekki gert. Meira að segja þeirri reglugerð var ekki fylgt eftir,“ segir Inga.

Flokkur fólksins og Íslenska þjóðfylkingin voru stofnuð í ár. Inga Sæland segir aðdragandann að stofnun flokksins hafa verið útgáfa skýrslu UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um stöðu barna á Íslandi. Inga segir skýrsluna hafa leitt í ljós að 9,1 pró-

4 um þrennt

Hver er framtíðarsýn þín á eftirfarandi málaflokka?

Móttaka flóttamanna Kvótakerfið Stjórnarskráin

Sigurður Ingi Jóhannsson



Við höldum áfram á þeirri góðu braut sem við höfum verið á.


Kvótakerfið hefur skilað okkur miklu bæði í sjálfbærni og arðsemi. Við glímum enn við að leysa úr því með sem bestum hætti hvernig við tryggjum byggð í kringum landið og samspil við arðseminna.

Það voru mikil vonbrigði að við náðum ekki að klára þessi þrjú frumvörp sem við lögðum fyrir þingið. Það eru allt mikilvæg málefni, þjóðaratkvæðagreiðslur, auðlindaákvæði sem og náttúra Íslands.



Kvótakerfið hefur skilað okkur miklu bæði í sjálfbærni og arðsemi.

Július K. Valdimarsson



Það á að taka á móti eins mörgum flóttamönnum og við getum. Við viljum þúsundir flóttamanna.

Góð byrjun er að setja allan afla á markað. Síðan viljum við afnema kvótakerfið með öllu og leggja á mun hærrí veiðigjöld.

Það skref sem tekið var af stjórnlagaráði og þjóðin samþykkti sem frumvarp á að verða að lögum. En við höfum mikla gagnrýni á þetta frumvarp. Það er ekki einu orði minnst á fjármála-kerfið sem var kveikjan að því að stjórnlagaráð varð til.



Það á að taka á móti eins mörgum flóttamönnum og við getum.

Helgi Helgason



Við viljum fara varlega í þetta og ætlum að herða útlendingalögin


Það verði brotið upp og gert frjálsara.

Við styðjum núverandi stjórnarskrá en viljum setja ákvæði um þjóðaratkvæði og stjórnlagadómstól inn í stjórnarskrána.



Við viljum fara varlega í þetta og ætlum að herða útlendingalögin.

Inga Sæland



Við viljum taka utan um alla eins og við viljum að sé tekið utan um okkur. Við viljum fylgja eftir því góða starfi sem nú hefur verið gert varðandi kvótaflóttafólkið okkar.

Við viljum stokka þetta kvótakerfi upp, finnst það ósannjarnt og viljum fá fullt verð fyrir auðlindina

Við virðum vilja þjóðarinnar í sambandi við hina góðu og miklu vinnu sem var lögð hjá stjórnlagaráði á sínum tíma.



Við viljum stokka þetta kvótakerfi upp, finnst það ósannjarnt.

PHILIPS

SJÓNVÖRP

Þú hefur ekkert séð
fyrr en þú hefur séð það með

Ambilight



Allt að
25.000 kr.
endurgreiðsla
af keyptum
Philips Ambilight
sjónvörpum

Gildir frá 14. október til 10. desember árið 2016
af Philips 7000 series Ambilight sjónvörpum.

49" – 7.500 kr.

55" – 15.000 kr.

65" eða 75" – 25.000 kr.



**VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
TIL ALLT AÐ 12 MÁNAÐA**



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

sent barna líði mismikinn skort. „Þetta er á sjöunda þúsund börn og þar af eru 1.586 börn sem líða mjög mikinn skort á Íslandi í dag.“ Hún segist vera 75 prósent varanlegur öryrki og þekki það að lífsgæði sem mörgum þyki sjálfsgöð séu forréttindi fyrir hana. Því vill hún bæta hag þessara barna. „En þetta hefur undið upp á sig og stefnan okkar mótaðist skýrt og örugglega. Hún er sterk og núna er áherslan ekki bara á börnin okkar,“ segir hún, heldur sé stefnan líka á að bæta kjör öryrkja og aldræra.

Helgi Helgason, formaður Íslensku Þjóðfylkingarinnar, segir flokkinn líka vilja bæta hag þeirra sem hafa lágar framfærslutekjur. „Við viljum hækka persónuafslátt þannig að skattleysismörk verði um 300 þúsund krónur og við teljum tekjutengingar, hvort sem þær eru á aldræða, öryrkja eða námsmenn, óréttlátar og viljum afnema þær líka,“ segir Helgi. Þá leggur flokkurinn áherslu á heildarendurskoðun í fiskveiðistjórnunarkerfinu, með aukinni áherslu á sóknarkerfi. Einnig vill flokkurinn efla lög-gæslu. Flokkurinn hefur þó einkum vakið athygli vegna stefnu sinnar í útlendingamálum. „Við viljum herða útlendingalögin,“ segir hann. Hingað komi 500 hælisleitendur á ári, mest ungir karlmenn, og það þurfi að kanna betur.

Andvígur íslam

„Við viljum taka upp þessa 48 tíma reglu þegar það kemur til dæmis ungur Albani, eða frá löndum sem ekki eru skilgreind sem hættuleg og það er ljóst að viðkomandi á ekki rétt á hæli. En ef þessi maður vill koma hingað og vinna þá er það sjálfsagt mál að hann fari rétta leið, sækji um vinnu og svo framvegis,“ segir Helgi.

Íslenska þjóðfylkingin hefur verið gagnrýnd fyrir harða stefnu í mál-efnum hælisleitenda og sökuð um að vilja loka landamærum og hafa rasískar áherslur. Helgi virðist líta það öðrum augum ef hælisleitendur koma hingað til lands frá stríðs- hrjádum svæðum.



„Við teljum tekjutengingar, hvort sem þær eru á aldræða, öryrkja eða námsmenn, óréttlátar og viljum afnema þær líka,“ segir Helgi Helgason.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jafnvel þó ég muni kannski ekki fara inn á Alþingi þá mun ég halda áfram að láta heyra í mér.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins

Þetta öfgaíslam er það sem við viljum passa okkur á. Við viljum ekki öfgaíslam til Íslands.

Helgi Helgason, formaður Íslensku þjóðfylkingarinnar

„Þeir sem koma frá hættusvæðum eiga augljóslega að fá öðruvísi meðferð. Það verður að líta á hvert mál fyrir sig. Ef það kemur upp að viðkomandi er misjafn sauður, gæti verið vígamaður eða slíkt þá að sjálfsgöðu ekki. En aðrir, af hverju ekki? Það kemur alveg til greina.“

En það er ýmislegt í myndmáli ykkar flokks sem bendir til þess að þið séuð andvíg múslimum.

„Já, hugmyndafræði íslams. Þetta öfgaíslam er það sem við viljum passa okkur á. Við viljum ekki öfgaíslam til Íslands.“

Viljið þið þá synja öllum múslimum um hæli hér á landi?

„Ekkert endilega. Þetta verður að skoðast í hvert skipti. Það er tvenns konar íslam, meðina og mekka. Nú man ég ekki hvort er fríðsamara og ekki eins öfgafullt og hitt.“

Tökum á móti fleirum

Íslenska þjóðfylkingin býður aðeins fram í tveimur kjördæmum fyrir komandi kosningar. Mörgum fylgismönnum flokksins hefur verið tíðrætt um að næsti kostur þeirra kjósenda sem eru í öðrum kjördæmum sé þá Flokkur fólksins. Inga segir þessa tvo flokka ekki eiga neitt sameiginlegt í áherslu sínum varðandi útlendingamál.

„Nei, við eigum það ekki. Íslendingar eru með stranga innflytjendalöggjöf og við erum að reka virkilega mannvonda stefnu.“ Hún segir fólk koma hingað til landsins og biða án þess að fá úrskurð um það hvort það er að koma eða fara.

„Við erum að horfa upp á það að fólk verður hér ástfangið, eignast börn og er jafnvel búð að fá vinnu þegar Útlendingastofnun mætir og fleygir því út úr landinu. Þetta er mannvond stefna og þess vegna finnst mér algjört grundvallaratriði að við reynum að taka utan um þetta fólk um leið og það kemur og fjalla um mál þess á eins skömmum tíma og mögulegt er. Ef það þarf að gefa og auka fjármagn inn í Útlendingastofnun til þess að gera það þá finnst mér það algjörlega sjálfsagt. Ef við myndum setja okkur í spor þessa fólks þá myndum við ekki vilja láta koma svona fram við okkur,“ segir Inga.

Sigurður Ingi segir að halda eigi áfram á þeirri braut sem verið hefur í þessum efnum. „Við erum í fullum færum til að standa eðlilega að því að taka hér á móti fólki. Í ástandi eins og er í dag á Íslandi þurfum við þúsundir manna til að hjálpa okkur

að halda kerfinu uppi. Við höfum lagt áherslu á að standa okkar plikt í alþjóðlegum samamburði.“

Július segir að þó það sé dýrt að taka á móti innflytjendum fyrst þá bendi allar rannsóknir til þess að það sé efnahagslegur ávinningur af móttöku þeirra til lengri tíma. Hann segist vonast til að hér verði mikil fjölgun fólks af erlendum uppruna. „Fólk er hrætt um afkomu sína vegna þess að þið í Þjóðfylkingunni eruð að segja þeim að allt verði tekið af þeim ef flóttafólkið kemur. Þetta fátæka fólk sem varð illa úti í hruninu er fólkið sem þið höfðið vel til og ég skil það vel. En þið verðið að losna við þennan ótta og fara að rötum vandans. Komid með okkur að uppræta þetta fjármálakerfi sem olli hruninu.“

Eiga lítinn séns

Þrjú framboðanna mælast ekki inni á Alþingi samkvæmt nýjustu skodanakoñnunum. Húmanistar bjóða fram í einu kjördæmi og þjóðfylkingin í tveimur. Július segir að Húmanistar bjóði fram vegna þess að það sé skemmtilegt og mikilvægt sé að rödd þeirra heyrist.

Helgi segir það hafa verið mikil vonbrigði að ná ekki að bjóða fram í fleiri kjördæmum. „En það að hafa náð að bjóða fram í þessum tveimur kjördæmum þýðir að flokkurinn er kominn með rætur. Hans rödd mun halda áfram að hljóma. Ef þetta verður svona hér að menn ætli ekki að fara varlega í þessum flóttamanna og hælismálum þá endar þetta eins og það hefur gerst á Norðurlöndunum. Flokkar sem hafa verið að hvetja til varkárni í þessum málum hafa bara stækkað því aðrir eru ekki að hlusta.“

Ingu hefur verið lýst sem stjórnú kosningarbaráttunnar og hún hefur vakið athygli fyrir vasklega framgöngu sína í sjónvarpi. Kannanir Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísir hafa sýnt Flokk fólksins með 3,4 prósent fylgi í hæsta lagi.

„Það er mikil þörf fyrir Flokk fólksins og fólk er virkilega farið að trúá og treysta á það sem við erum að gera. Jafnvel þó ég muni kannski ekki fara inn á Alþingi þá mun ég halda áfram að láta heyra í mér og það hlýtur að koma að því að réttlætið fái að sigra og við fáum að vera ein þjóð í landinu okkar. Ekki sérhagsmunaaúvaldið og svo við hin,“ segir Inga.

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísir.



Aðgerðahópur um launajafnrétti

Burt með launamuninn!

Jafnrétti og jafnlaunamál á íslenskum vinnumarkaði

Morgunverðarfundur, 24. október 2016, kl. 08.00–10.30, á Reykjavík Hilton Nordica.

Kynning á tillögum aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framtíðarstefnu í jafnlaunamálum.

Fundarstjóri: **Anna Kolbrún Árnadóttir**, formaður aðgerðahóps um launajafnrétti.

Dagskrá

- 08.00–08.30** Skráning og morgunverður framreiddur.
- 08.30–08.40** **Eygló Harðardóttir**, félags- og húsnæðismálaráðherra. Ávarp, opnun vefsíðu jafnlaunastaðalsins og kynning á jafnlaunamerki.
- 08.40–09.00** **Dr. Kjersti Misje Østbakken**, Senior Research Fellow, Institute for Social Research Oslo. Slow Convergence in the gender pay gap: Empirical Evidence from Norway.
- 09.00–09.15** **Marianna Traustadóttir**, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá ASÍ. Kynning á tillögum aðgerðahóps um launajafnrétti um framtíðarstefnu í jafnlaunamálum.
- 09.15–09.30** **Guðný Einarsdóttir**, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Kynning á tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðalsins.
- 09.30–09.45** Pallborð: Reyntslusögur þátttakenda í tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðalsins.
- 09.45–10.15** Hvernig á að hrinda tillögum um framtíðarstefnu í jafnlaunamálum í framkvæmd? Pallborðsumræður með forystufólki atvinnulífsins. Umræðustjóri: **Dr. Sigrún Stefánsdóttir**, forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.
- 10.15–10.30** Fyrirspurnir og umræður.

Morgunverðarhlaðborð er innifalið í þáttökugjaldi sem er 5.000 kr.

Morgunverður er framreiddur frá kl. 08.00.

Skráning á fundinn á radstefna.is

Væntanlegt



Karamellusúkkulaði með lakkrís og karamellufyllingu.
- hversu mikil karamella er í því?


NÓI SÍRÍUS

Ákvörðun í þröngri stöðu



Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is

Mánudaginn 6. október 2008 stóð þjóðin á öndinni þegar þáverandi forsætisráðherra staðfesti að fjármálakerfið væri að þrotum komið, tilkynnti setningu neyðarlaga og bað guð að blessa Ísland.

Þeir sem vel höfðu fylgst með fjármálakerfinu höfðu lengi borið þennan ótta í brjósti. Stöku sinnum, kannski mest til að halda sönum, töldu menn sér trú um að þetta myndi reddast. Síðan tók svartnættið við að nýju.

Vandinn í kerfinu hlóðst upp og stærð bankakerfisins í hlutfalli við hagkerfið gerði það að verkum að allt virtist undir í því risastóra veðmáli sem tekið hafði verið á miklum uppgangstímum.

Það var við þessar aðstæður að umtalað símtal milli Davíðs Oddssonar, þáverandi seðlabankastjóra, og Geirs H. Haarde fór fram 6. október 2008 og Fréttablaðið fjallaði um í gær. Eftir fljóttræðislega yfirtöku ríkisins á Glitni 29. september gjaldféllu skuldbréf bankanna við lækkun lánsþæfismats ríkisins og lausafé þeirra hvarf eins og döggi fyrir sólu.

Þegar fólk stendur frammi fyrir fordæmalausum aðstæðum og taka þarf skjótar ákvarðanir er líklegt að margar þeirra muni reynast rangar. Sú var auðvitað raunin, ekki bara síðustu dagana fyrir hrun fjármálakerfisins heldur síðustu mánuðina þegar þeir sem fremst fóru stóðu frammi fyrir vali tómrar vondra kosta.

Ef sanngirni er gætt verður að skoða viðbrögð manna í því ljósi. Fram kemur í vitnisburði Sturlu Pálssonar, starfsmanns Seðlabankans, þar sem vitnað er beint í samtal Davíðs og Geirs að hugmyndin á þeim punkti hafi verið að flytja innistæður í einn banka og reyna að bjarga honum. Markmiðið með því var að halda greiðslukerfi landsins gangandi.

Það var til nokkurs að vinna í þeim efnum. Ef greiðslukerfið stoppaði væri Ísland einangrað frá umheiminum í öllu viðskiptalegu tilliti. Slíkt hefði getað valdið margföldu tjóni þess sem varð. Þessi tilraun mistókst og á næstu dögum vann Fjármálaeftirlitið þrekvirkni í því að halda greiðslumiðlun gangandi þrátt fyrir að allir bankar landsins væru gjaldfrota.

Nú hefur birst bútur úr símtali Davíðs og Geirs, en heildarsamtalið hefur ekki komið fyrir augu almennings. Úr því sem komið er ættu hlutaðeigandi að gera það opinbert, enda þótt skiljanlegt sé að fyrrverandi forsætisráðherra sé ósáttur við upptöku að sér forspurðum. Fyrir liggur að hvað sem þáverandi seðlabankastjóra fannst, þá leiddi hann sjálfstæðan Seðlabanka og ábyrgðin því hans.

Birting samtalsins væri líður í því að fá skýrari mynd af því sem gerðist þessa orlagaríku daga, þó ekki væri til annars en að draga lærdóm af því.



Þegar fólk stendur frammi fyrir fordæmalausum aðstæðum og taka þarf skjótar ákvarðanir er líklegt að margar þeirra muni reynast rangar. Sú var auðvitað raunin, ekki bara síðustu dagana fyrir hrun fjármálakerfisins heldur síðustu mánuðina.

Halldór



Frá degi til dags

Síðasti séns

Gunnar Bragi Sveinsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, skipaði aðstoðarkonu sína, Sunnu Gunnars Marteinsdóttur, og Viggó Jónsson, fulltrúa Framsóknarflokksins í sveitarstjórn Skagafjarðar, í stjórn Matis fyrir í vikunni. Gunnar eins og aðrir er meðvitaður um þá stöðu sem Framsóknarflokkurinn er kominn í og að dagar hans í ráðherraembætti eru taldir. Á síðasta degi sínum sem utanríkisráðherra í apríl útteildi Gunnar 950 þúsund krónum af skúffufé sínu til verkefna sem tengjast ekkert utanríkismálum. Þarna fer maður sem sannarlega kann að fullnýta tækifæri sín og gripa gæsina á meðan hún gefst.

Full langt gengið

Sturla Pálsson, lykilmaður í Seðlabanka Íslands, hefur viðurkennt að hafa sagt eiginkonu sinni, Helgu Jónsdóttur, sem þá var lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, að einum banka af þremur yrði bjargað í bankahruninu árið 2008, og að Sigurjón Þ. Arnason, þáverandi bankastjóri Landsbankans, væri búinn að gefast upp. Margir hafa bent á að Helga er frænka Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og leitt líkur að því að hún gæti hafa borið skilaboðin áfram til fjölskyldu sinnar sem átti mikið undir í fjármálakerfinu. Það er sóðalegt að gera fólk slíkt upp án þess að hafa neitt fyrir sér í þeim efnum. Jafnvel þó nú nálgist kosningar. snaeros@frettabladid.is.

Hvar eru Skútustaðagígar?



Kári Jónasson
leiðsögumaður og fyrrverandi fréttamaður

Já, hvar eru Skútustaðagígar spurði japanski svokallaði „leiðsögumaðurinn“ í anddyrinu á Sel hóteli við Mývatn á dögnum þegar ég var þar. Hann var þá nýbúinn að lóðsa hóp samlanda sinna, um 30 manns, inn í veitingasalinn að hádegis- hlaðborðinu. Hann var nú svolítið flóttalegur verð ég að segja þegar hann var þarna að spyrja til vegar, en fyrir þá sem ekki vita, þá eru Skútustaðagígar handan vegarins við hótelið. Svo spurði hann um hitt og þetta í Mývatnssveit, og ég heyrði ekki betur en hann ætlaði að ganga yfir í Dimmuborgir og þaðan upp í Námaskarð og að Hverarönd.

Algjörlega skipulagslaust

Þetta er svolítið lýsandi dæmi um hvernig ferðamennskan gengur fyrir sig á okkar ástækra ylhýra landi í dag. Hingað velta inn hundruð þúsunda ferðamanna í hópum og fara um landið algjörlega skipulagslaust. Það getur hver sem er komið hingað með hóp og þóst vera leiðsögumaður, og enginn segir eitt eða neitt.

Það getur verið mjög fróðlegt að heyra frásagnir rútbílstjóra sem fara með erlenda ferðamenn um landið án íslenskra leiðsögumanna. Þá eru gjarnan svokallaðir leiðsögumenn með, sem hafa kannski farið á hraðnámskeið erlendis um það hvað sé að sjá á hringferð um landið.

Oft vitni að misjöfnu

Rútbílstjórarnir eru þá oft vitni að ýmsu misjöfnu hjá þessum svokölluðu leiðsögumönnum og segja frá því að þeir taki t.d. feil á Skeiðarárjökli og Breiðamerkurjökli, en svo fer nú að kárna gamanið þegar ferðalöngum er tjáð þegar komið er inn fyrir Tiðaskarð í Kjós að þar blasi við Snæfellsjökull, eða að Líffræðihús Háskóla Íslands sé sagt Norræna húsið. Ásmundur Friðriksson alþingismaður og nokkrir samþingsmenn hans hafa gert veikburða tilraun til að koma skikki á þessi mál, en enn sem komið er hefur ekkert raunhæft gerst.

Vilja menn þetta ástand áfram? Ég segi Nei með stórum staf.



Rútbílstjórarnir eru þá oft vitni að ýmsu misjöfnu hjá þessum svokölluðu leiðsögumönnum og segja frá því að þeir taki t.d. feil á Skeiðarárjökli og Breiðamerkurjökli.

HLIÐ DAGSINS ER UPP.



Hér varð náttúrulega hrun

Í DAG



Þórlundur Kjartansson

S umarið 2004 var ég svo heppinn vera boðið á ráðstefnu í borginni Zadar í Króatíu. Ráðstefnuna sótti ungt fólk af miðju- og hægrivæng stjórnmálanna frá ýmsum löndum Evrópu. Eins og nærri má geta var ráðstefnuhaldið sjálft fremur tíðindasnautt. Tilgangurinn var fyrst og fremst að gefa fólk tækifæri til þess að kynna, tala saman og læra hvert af öðru. Raunverulegur árangur í þeim efnum næst vitaskuld ekki í ráðstefnusálinum í dagsbirtu heldur yfir mat, drykk og gleðskap þegar kvöldið tekur.

Íslendingar hafa á svona ráðstefnum orð á sér fyrir að standa flestum öðrum þjóðum frammar í næturgleðinni og eru jafnan meðal vinsælustu spjall- og drykkjufélaga. Á þessari ráðstefnu varð undantekning á því. Króatísku gestgjafarnir og sendinefndin frá Serbíu voru nefnilega rúmlega jafnokar Íslendinganna. Þetta voru mestallt ungir menn. Af þeim geislaði hreysti, lífskraftur og karlmennska. Þeir vöktu lengst, drukku mest, hlógu hæst og voru líflegastir og skemmtilegastir af öllum. Ekki nóg með yfirburði þeirra að næturlagi heldur voru þeir líka mættir fyrstir manna í morgunmat alla daga og í ofanálag skínandi úthvildir og ferskir eins og þeir væru að leika í Cheerios auglýsingu. Á meðan við hin drauguðumst með herkjum, verkjum og harmkvælum fram úr rúminu voru þeir tilbúnir í hvað sem er.

Einn daginn var farið með fyrri fallinu í skoðunarferð. Rútuferðin var frekar erfíð fyrir flesta ráðstefnugesti, sem vöggðu fram og til baka í sætum sínum í fullkominni sjálfsvorkunn. Ekki hjálpaði að Serbarnir og Króatarnir virtust algjörlega ónæmir fyrir þessum

þjáningum. Þeir héldu áfram að hlæja hátt og syngja datt á meðan flest okkar hinna börðumst við afleiðingar gærkvöldsins; veltiveik, þunn og þunglynd brunandi eftir holóttum og hlykkjóttum króatískum sveitavegum.

Stutt frá heimsins vígaslóð

Þegar við loksins stoppuðum var okkur hleypt út á lítið engi. Þar var okkur sagt að skoða nokkrar sundurskotnar byggingar, en níu árum fyrr lauk hörmulegu stríði milli Serba og Króata.

Ferska loftið var kærkomið og ekki síður tækifærið til þess að röltla smá spól frá hinum æpandi hressleika heimanna. Þrátt fyrir heilsuleysið var ekki laust við að maður yrði snortinn af því að sjá það sem við blasti. Rústir húsanna voru alsettar litlum götum eftir byssuskot. Eyðileggingarmáttur stríðsins var áþreifanlegur, en samt einhvern veginn ótrúlega fjarlægur á þessum friðsæla sumardegi.

Eftir að hafa rölt svolitla stund snéri ég aftur í átt að rútnunni—adeins tilbúnari til þess að takast á við daginn.

Þá blasti við mér óvænt sjón. Allir ungu mennirnir frá Króatíu og Serbíu—þessar tákmyndir óheflaðrar karlmennsku og lífsþróttar—stóðu saman í hring eins og amerískt íþróttalið. Þeir höfðu vafið höndunum um axlir hver annars og stóðu eins þétt og þeir gátu. Þegar þeir losuðu takið á félögum sínum og snéru sér út úr hringnum og aftur inn í veröldina blöstu við tárbot og grátblógin andlit.

Á meðan ég hafði farið og skoðað hinar framandi og áhugaverðu menjar um löngu liðið stríð höfðu þessir ungu menn staðið saman og grátið yfir vinum, bræðrum, systur og foreldrum sem höfðu barist, særst, fallið og drepíð í

stríðinu sem hafði mótað alla þeirra barnæsku.

Þegar við komum aftur í rútnuna var stemningin öðruvísi—í smá stund. Eftir nokkrar mínútur voru þeir allir farnir að tala, hlæja og syngja, eins og ekkert hefði í skorist. Við hin vorum líklega að einhverju leyti hætt að vorkenna sjálfum okkur og höfðum öðlast aðeins meiri skilning á því hvaða afleiðingar það hefur þegar samfélög hrynja raunverulega.

Hrun og spilling

Nú styttest í kosningar á Íslandi. Sumir flokkarnir leggja mikla áherslu á að þörf sé á algjörru uppstokkun á íslensku samfélagi. Hér varð nefnilega hrun er sagt—hér er spilling, misskipting og margvíslegt óréttlæti.

En það sem við köllum hrun á Íslandi var auðvitað ekkert í líkingu við stríðsátök, hungursneyðir eða aðrar slíkar hörmungar. Það var nógu slæmt samt. Þótt það sé kannski full mikið að tala um allsherjarhrun; þá má með sannri segja að þjóðin hafi hlaupið svo hratt, að hún hrasaði og datt.

Líklega situr fastast í okkur að sjálfsmyndin okkar hrundi; bæði margra einstaklinga og þjóðarsálarinnar. Mörgum finnst að þeir hafi verið hafðir að fífl og sumir (þar á meðal undirritaður) skammast sín fyrir að hafa bláeygir tekið þátt í—og leyft sér að trú á—fjármála-töfrana sem áttu að gera stóran hluta þjóðarinnar að stóreignafólki. En nánari athugasemdir þó í ljós að Íslendingar upplifðu það sama og aðrar þjóðir í kringum okkur. Það sem skildi okkur frá flestum var annars vegar að hér sárvant aði reynslu af alþjóðlegum bankaviðskiptum; og hins vegar að í krafti eigin gjaldmiðils tókst okkur að soga gríðarlegt magn peninga til landsins sem einhvern

vegin þurftu að standa undir séríslensku vaxtastigi. Flest annað við bankahrunið á Íslandi er kunnugleg saga sem er þekkt víða um heim.

En þetta hrun sjálfsmyndarinnar er álíka heimóttarlegt og drambið sem fylgdi vexti bankanna. Það er nefnilega alls ekki hægt að slá því föstu að Ísland sé fátækara heldur en það hefði verið ef bólan hefði aldrei þanist út og sprungið. Fiskurinn í sjónum yfirgef okkur ekki og útlendingum er skitsama um hrunið. Ísland hefur aldrei verið vinsælla og líklega hefur orðið til umtalsverð gagnleg þekking á alþjóðlegum viðskiptum sem getur hjálpað til við verðmætastöpun í traustari rekstri.

Ófullkomið en ekki alsæmt

Bankahrunið og sú spilling sem er til staðar á Íslandi eru hvorki vísbendingar um að regluverk samfélagsins sé ónýtt eða að Íslendingar séu verri en annað fólk. Hvort tveggja er einfaldlega til marks um að Íslendingar eru ófullkomið fólk eins og allir jarðarbúar.

Heitstrengingar sumra flokka fyrir kosningarnar eru því undarlegar. Þeir stjórnmálamenn sem lofa allsherjar kerfisbyltingum, uppstokkun á stjórnkerfi og réttarkerfinu, eru að leika sér að eldinum. Það að umturna Íslandi til að lagfæra þau víðráðanlegu vandamál sem við búum við er eins og að fara með sleggju um heimili sitt til þess að ráða niðurlögum músar.

Vonandi munu þeir sem hljóta til þess umboð eftir næstu kosningar bera gæfu til þess að beina kröftum sínum og völdum til þess að gera skynsamlegar lagfæringar á samfélaginu í stað óþarfrar og glæftralegrar uppstokkunar.

Þótt Ísland sé alls ekki fullkomið—þá er það langt frá því að vera alsæmt.



Heitstrengingar sumra flokka fyrir kosningarnar eru því undarlegar. Þeir stjórnmálamenn sem lofa allsherjar kerfisbyltingum, uppstokkun á stjórnkerfi og réttarkerfinu, eru að leika sér að eldinum.

Hættum að vinna launalaust



Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstjóra

hvatning til að rísa upp gegn geræði fedraveldisins í Póllandi og fóru þær með sigur af hölmum, í það minnsta um sinn.

Vandinn á vinnumarkaði

Mikið vatn er til sjávar runnið frá árinu 1975. Þá snerust kröfur kvenna um launajafnrétti, bættar aðstæður kvenna til að stunda vinnu utan heimilis, viðurkenningu á heimilisstörfum, valda- og áhrifaleysi og ýmislegt fleira. Þegar þarna var komið sögu sátu aðeins þrjár konur á Alþingi og konur í sveitarstjórnnum voru örfáar. Atvinnuþáttaka kvenna fór ört vaxandi en þær ráku sig á ótal vegg. Nú 41 ári síðar er Ísland í efsta sæti jafnréttislista World Economic Forum. Ástæðan er fyrst og fremst baráttu kvenna-hreyfinga. Hún hefur meðal annars skilað stóruaknum hlut kvenna í opinberum valdastofnunum sam-

félagssins, mikilli menntun og jöfnu aðgengi kvenna og karla að heilbrigðisþjónustu miðað við önnur lönd. Sá þáttur sem kemur verst út hjá okkur er vinnumarkaðurinn en viðvarandi launamisrétti og lágt hlutfall kvenna í stjórnnum og við stjórnun fyrirtækja er himinhrópandi. Þrátt fyrir góðan árangur á ýmsum sviðum er enn mikið verk að vinna.

Verkefni eru mörg

Það þarf að útrýma kynbundnum launamun ekki síðar en STRAX og leiðrétta valdamisvægið í atvinnulífinu. Laun kvenna eru að meðaltali 70,3% af launum karla. Það segir okkur mikið um stöðu kvenna á vinnumarkaði. Þegar búið er að greina þennan mun sýna kannanir VR að konur eru launalausar 36 daga á ári. Störf kvenna, ekki síst þeirra sem vinna við hin

mikilvægu umönnunar- og uppeldisstörf, eru stórlega vanmetin. Konur sem vinna í þjónustustörfum verða iðulega fyrir grófri kynferðislegri áreitni. Misréttið blásir alls staðar við. Það þarf að fá fyrirtæki og stofnanir til að taka á launamálum, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og kynferðislegri áreitni innan sinna veggja. Skilningur og vilji er allt sem þarf. Ríkið á að ganga á undan með góðu fordæmi sem og sveitarfélögin.

Látum í okkur heyra

Og verkefni eru fleiri. Endurreisa þarf fæðingarorlofið, jafna skiptingu heimilisstarfa og meta ólaunada vinnu, vinna gegn kynskiptu náms- og starfsvali og breyta heftandi staðalmyndum kynjanna. Átaks er þörf gegn kynbundnu ofbeldi, ekki síst kynferðisofbeldi. Aðgerðir gegn hatursorðræðu og

hefnarklámi þurfa að koma til. Setja þarf kynjakvóta í Hæstarétt og breyta meðferð ofbeldismála. Síðast en ekki síst verðum við að koma á friði. Styrjaldir og átök sem og flótti undan versnandi lífsskjörum af völdum loftslagsbreytinga spilla fyrir allri mannréttinda- og réttlætisbaráttu. Sótt er að réttindum kvenna víða um heim, nú síðast í Póllandi og kvenfyrirlitningu í pólitískum umræðum í aðdraganda forsetakosninga í Bandaríkjunum vekur hneykslun.

Um leið og ég hvet konur og karla um allt land til þátttöku í kvennafrídeginum, skora ég á íslenska karla að leggja jafnréttisbaráttu kynjanna meira lið, því hún snýst fyrst og fremst um gagnkvæma virðingu, betra samfélag, framtíðina, bætt lífsgæði og frelsi einstaklinganna til að velja sér lífsfarveg.

www.ntv.is

MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

VILTU EFLA STARFSHÆFNI ÞÍNA EÐA STYRKJA EIGIN ATVINNUREKSTUR?

VERÐ: 84.000 KR.
HEFST 25. OKTÓBER



ntv

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

PATAK'S Original
AN AUTHENTIC INDIAN RECIPE

KORMA KJÚKLINGUR MEÐ ÁVAXTAKEIM
fyrir 4
4 stk kjúklingalundir í bitum
1 stk Patak's Korma sósa
2 msk rúsínur
1 dl ananasbitar
1 msk kókósmjöl
2 msk gróft hakkaðar hnetur (má sleppa)
2 stk Tilda Basmati suðupokar
1 pk Patak's Naan brauð

Hitið olíuna á pönnu og steikið kjúklinginn í nokkrar mínútur. Hellið Patak's Korma sósunni út á og hrærið vel saman við kjúklinginn og látið malla í c.a. 10 mínútur. Bætið þá rúsínum saman við, ananas, kókósmjöli og hnetur og hitið í 5 mín. til viðbótar. Kryddið með svörtum pipar og berið fram með Tilda Basmati hrisgrjónum og Patak's naan brauði.

HOLTA
TILBÚIÐ Í SALATIÐ, VEFJUNA, SÚPUNA OG KJÚKLINGARÉTTINN

798 kr/pk
verð áður 1.149

FAJITAS
BARBECUE
ARGENTINU

PATAK'S
BOGAN JOSH
KORMA
TIKKA MASALA
PASANDA
JALFREZI
BUTTER CHICKEN

30% meira magn

Myllan heimilisbrauð
30% meira magn í næstu Hagkaupsverslun.

Gille piparkökur
Aldrei of snemmt fyrir piparkökur.

Sósur Hagkaups
Hambó#1, Hambó#2, Benni#1, Benni#2, Sinpip, Kokteil og Spicy Majo.

Risa rækjur, „Tail-on“
907 g af úrvals rækju.

Ristorante pizzur
5 gerðir.

Mezzetta pipar
Frábær á pizzuna og í réttina.

TILBOÐ 20%
afsláttur á kassa

463 kr/stk
verð áður 579

Gildir til 23. október á meðan birgðir endast.

SNOWDONIA CHEDDAR

MARGVERÐLAUNAÐIR
CHEDDAR OSTAR
FRÁ WALES.

24
Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

Holta
KJÚKLINGUR

KJÚKLINGAVEISLA

100%
HREIN
AFURÐ

TILBOÐ

35%

afsláttur á kassa

**KJÚKLINGUR
HEILL FERSKUR**

695 kr/kg
verð áður **1.069**

Holta
KJÚKLINGUR

TILBOÐ

25%

afsláttur á kassa



KJÚKLINGALUNDIR

2.099 kr/kg
verð áður **2.799**

Holta
KJÚKLINGUR

TILBOÐ

40%

afsláttur á kassa



**BLANDAÐIR
KJÚKLINGABITAR**

599 kr/kg
verð áður **999**

Holta
KJÚKLINGUR

TILBOÐ

40%

afsláttur á kassa



**KJÚKLINGA-
VÆNGIR**

287 kr/kg
verð áður **479**

Holta
KJÚKLINGUR

TILBOÐ

30%

afsláttur á kassa



**KJÚKLINGA-
LEGGIR**

699 kr/kg
verð áður **999**

Holta
KJÚKLINGUR

TILBOÐ

25%

afsláttur á kassa



**KJÚKLINGA-
BRINGUR**

1.949 kr/kg
verð áður **2.599**

Holta
KJÚKLINGUR

**ELDAÐ Í
POKANUM
þannig helst
fuglinn mjúkur
og safaríkur**



POUSSIN
er franska
orðið yfir
ungkjúling

Tilboð
30%
afsláttur á kassa



769 kr/pk
verð áður
1.099

SAFARÍK NÝJUNG

Poussin er ný og spennandi vara á íslenskum markaði en aðferðin er vel þekkt hjá sælkerum í Evrópu og Ameríku. Kjúklíngurinn er yngri en við eigum að venjast, kjötið mýkra og safaríkara og losnar vel frá beinum.

Mikilvægt er að elda fuglinn í steikingarpokanum. Mylar Cook steikingar- pokar eru vinsæl og viðurkennd gæðavara sem mikið er notuð af mat- reiðslufólki um allan heim. Við ákveðið hitastig opnast pokinn á hliðunum og kjötið byrjar að brúnast. Í hverjum poka er hálfur kjúklíngur – fullkomin sælkeramáltíð fyrir einn.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

1980
Fæddur
2. Júlí í Riga
í Lettlandi.

1998

Flytur til Íslands og byrjar
að spila með Gróttu/KR.

2003

Gengur til liðs við
þýska liðið Düссeldorf.

2005

Verður löglegur með
Íslenska landsliðinu í
ársbyrjun. Þá voru þrjú
ár liðin frá því hann lék
síðast með letneska
landsliðinu.

2005

Leikur með
Íslandi á HM
í Túnis, sínu
fyrsta stór-
móti með
landsliðinu.

2016
Leikur sínn 173. og
síðasta landsleik
þegar Ísland tapar
fyrir Króatíu í lokaleik
sínum í riðlakeppni-
inni á EM 2016.

2011

Er besti og markahæsti
leikmaður Íslands á HM
í Svíþjóð 2011. Er valinn í
úrvalslið mótsins.

2010

Er í bronsliði Íslands á EM
2010. Stimplar sig rækilega
inn í íslenska íþróttasögu
með varnartilburðum sínum
á ögurstundu í leik Íslands
og Póllands um 3. sætið.

2008

Er hluti af Íslenska
landsliðinu sem vinnur
til silfurverðlauna á Ol-
ympíuleikum í Peking.

Ingvi Þór
Sæmundsson
ingvithor@365.is



HANDBOLTI Alexander Petersson staðfesti við Morgunblaðið í gær að hann væri hættur að spila með landsliðinu. Stundum er talað um að íþróttamenn þurfi að eiga eitt augnablik sem þeirra er öðru fremur minnst fyrir. Johan Cruyff átti Cruyff-snúninginn, Diego Maradona hönd guðs, Jón Páll „Þetta er ekkert mál fyrir Jón Pál“ og svo mætti lengi telja. Alexander Petersson átti líka sitt augnablik.

Það kom í leik Íslands og Póllands um bronsið á EM 2010 í Austurríki. Þegar ein og hálf mínúta var eftir af leik var dæmd leiktóf á íslenska liðið í stöðunni 28-26, boltanum var kastað fram á Tomasz Tluczyński sem var kominn einn gegn Hreiðari Levý Guðmundssyni. Það virtist aðeins einn möguleiki í stöðunni: pólskt mark.

En þá birtist Alexander eins og skratinn úr saugarleggnum, hljóp í einum hvínandi hveli til baka, kastaði sér á eftir boltanum og sló hann aftur fyrir. Fæstir vissu hvaðan á þá stóð veðrið enda slík tilþrif afar sjaldséð. Fyrir Alexander virtist þetta álika hversdagslegt og að borða hafragraut. Hann stóð upp, gaf nokkrar fimmur og kom sér á sinn stað í vörninni eins og ekkert hefði í skorist. Mikilvægi þessa magnaða og óvenjulega varnarleiks verður seint ofmetið. Á þessum tímamarki voru Íslend-

Augnablikið sem aldrei gleymist

Alexander Petersson er hættur að spila með íslenska handboltalandsliðinu eftir afar gifturíkan landsliðsferil. Alexander spilaði með landsliðinu í rúman áratug og var lykilmáður á gullaldarskeiði þess.

ingar í vandræðum og mátturinn með Pólverjum í liði. Ef Alexander hefði verið sekúnda seinni hefði það þýtt rautt spjald, vitakast og líklega pólskan sigur. En Pólverjar fengu bara aukakast og vörnin breytti taktinum í leiknum. Íslendingar fengu ekki á sig mark það sem eftir var af leiknum og Guðjón Valur Sigurðsson gulltryggði Íslandi sigurinn og bronsið þegar hann skoraði 29. mark liðsins.

Það er fyrst og fremst fyrir þetta augnablik sem Alexanders verður minnst; þarna rófæsti hann sig í huga íslensku þjóðarinnar. Varnarleikurinn var líka lýsandi fyrir hann;

fórnfýsin, vinnusemin einkenndi, og einkennir enn, hans leik. Eftir átta krefjandi leiki á 13 dögum hafði Alexander enn orku og kraft til að hlaupa til baka og bjarga málunum. Og svo hjálpaði fræg lýsing Adolfs Inga Erlingssonar auðvitað til: „Hvaðan kom hann? Hvert er hann að fara? Hvað er hann?“ Þau orð gleymast seint.

Þetta augnablik varpar að vissu leyti skugga á allt hitt á farsælum ferli Alexanders.

Það gleymist kannski að hann spilaði kjálkabrotinn á EM 2006, var besti leikmaður Íslands á HM 2011 og valinn í úrvalslið mótsins, fram-

lengi feril Ólafs Stefáns-sonar um nokkur ár, var einn besti allhliða leikmaður sem við höfum átt og síðast en ekki síst einn af lykilmönnum íslenska landsliðsins á gullaldarskeiði þess.

„Hann er okkar mikilvægasti leikmaður að mínu mati því að landsliðið fer allt í einu gang þegar hann byrjar að mæta. Hann er líklega töframaðurinn í allri velgengni liðsins. Hann er lítillátur og karakterinn er allur falletur og góður. Hann tekur þessu öllu með sinni ró og virðist vera stoltur af því að vera Íslendingur,“ sagði Ólafur Stefáns-son um Alexander eftir að hann var kjörinn Íþróttamaður ársins 2010.

Stundin þegar Alexander tók við verðlaunagripnum fyrir Íþróttamann ársins var stór. Hann var fyrsti, og enn þá eini, íþróttamaðurinn af erlendu bergi brotinn sem hefur verið valinn íþróttamaður ársins á Íslandi. Rúmum áratug áður kom hann til landsins, 18 ára gamall, frá Lettlandi, hóf að spila með Gróttu/KR og vann í Seglagerðinni Ægi meðfram því. Þaðan lá leiðin til Þýskalands þar sem hann hefur spilað við góðan orðstír frá 2003. Og landsliðið naut krafta hans í rúman áratug en á þeim tíma vann Ísland til silfurverðlauna á Ólympíuleikum, bronsverðlauna á EM, endaði í 6. sæti á HM 2011, 8. sæti á HM 2007 og 7. sæti á EM 2006.

Ísland hefur gefið Alexander mikið og hann gaf landsliðinu sín bestu ár sem handboltamaður.

Nýjast

Evrópudeild UEFA

A-riðill
Feyenoord - Zorya 1-0
Man. Utd - Fenerbahce 4-1
xx

B-riðill
Olympiacos - Astana 4-1
Young Boys - APOEL 3-1

C-riðill
Mainz - Anderlecht 1-1
St. Etienne - Qabala 1-0

D-riðill
AZ Alkmaar - Maccabi 1-2
Viðar Örn Kjartansson spilaði fyrir Maccabi.
Dundalk - Zenit 1-2

E-riðill
Roma - Austria Vín 3-3
Viktoria Plzen - Astra 1-2

F-riðill
Genk - Athletic 2-0
Rapid Vín - Sassuolo 1-1
Arnór Ingvi Traustason spilaði fyrir Rapid.

G-riðill
Celta Vigo - Ajax 2-2
Standard - Panathinaik. 2-2

H-riðill
Konyaspor - Braga 1-1
Shaktar - Gent 5-0

I-riðill
Krasnodar - Schalke 0-1
Salzburg - Nice 0-1

J-riðill
Qarabag - PAOK 2-0
Slovan - Fiorentina 1-3

K-riðill
Hapoel Beer - Sp. Prag 0-1
Inter - Southampton 1-0

L-riðill
Osmanlispor - Villarreal 2-2
Steaua - Zurich 1-1

Dominos-deild karla

KR - Grindavík 87-62

Þór Ak. - Skallagrímur 81-90

ÍR - Tindastóll 68-82

Keflavík - Snæfell 111-82

Efri	Neðri	
KR	6	Njarðvík 2
Keflavík	4	ÍR 2
Stjarnan	4	Þór Þ. 2
Tindastóll	4	Skallagrímur 2
Grindavík	4	Þór Ak. 0
Haukar	2	Snæfell 0

Olís-deild karla

ÍBV - Afturelding 26-27

Gróttá - Selfoss 28-29

Stjarnan - Haukar 28-33

FH - Fram 29-28

Efri	Neðri	
Afturelding	14	Selfoss 8
ÍBV	9	Gróttá 7
FH	9	Fram 7
Stjarnan	8	Haukar 6
Valur	8	Akureyri 2

Í dag

19.45 Njarðvík - Stjarnan Sport
22.00 Kórufuboltakvöld Sport
03.00 CIMB Classic Golfstöðin

Dominos-deild karla
19.15 Haukar - Þór Þ.

Á COMIC CON Í NEW YORK

Sólveig Eva Magnúsdóttir býr og starfar sem leikkona í New York. Hún segir bransann oft erfiðan en hún nýtur þess að þróa sig áfram sem leikkonu. Nýjasta verkefni hennar er hlutverk í sjónvarpsþáttunum Jon Glaser Loves Gear eftir grínistann Jon Glaser.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



„Ég kalla mig Eva Sólveig hérna úti því það er auðveldara fyrir New York búa að bera Evu nafnið fram,“ segir Sólveig Eva glaðlega en sjálf eru hún uppálin í Mosfellsbæ og Reykjavík. Leiklistar-áhugann hefur hún haft frá blautu barnsbeini og í raun segir hún hann mjög ómeðvitaðan. „Leiklist er stöðugt í kringum okkur. Við lærum mannlega hegðun og að eiga við tilfinningar og hlutverk í samfélaginu. Það var aldrei stund sem ég ákvað „jú ég bara verð að verða leikari,“ maður bara lék sér alla ævi og datt aldrei í hug að hætta því,“ segir hún glaðlega.

Hún minnst þess að hafa sett upp leikrit með höttum af ömmu og skóm af mömmu. „Svo rukkadi ég aumingja fjölskyldu mína um 50 krónur fyrir að sitja í gegnum spunasýningar,“ segir hún og hlær.

GAT EKKI BEIÐ

Sólveig Eva fór í Borgarholts-skóla þar sem er ríkt leiklistarstarf og varð fljótlega ákveðin í að sækja um leiklistarskóla eins fljótt og auðið væri. „Þess vegna ákvað ég líka að reyna fyrir mér í London því þar gat ég farið yngri í áheyrnarprufur en hér heima,“ segir Sólveig Eva sem fór í sína fyrstu áheyrnarprufu sextán ára. „Sá sem sá um prufuna hristi hausinn. Hann var indæll og leyfði mér að sýna, en sagði mér að ég væri of ung. Ég skil betur í dag að leiklist tekur ákveðinn þroska og öll reynsla kemur sér vel.“

VILL SKAPA EIGIN TÆKIFÆRI

Sólveig Eva var einnig spennt fyrir því að geta leikið á ensku jafnt sem íslensku. Hún fór því aftur út átján ára. „Ég var búin að raða áheyrnarprufum upp fyrir ýmsa frábæra skóla, en sú fyrsta var fyrir Rose Bruford þar sem ég var spurð hvað væri mér mikilvægt og ég sagðist vilja geta skapað eigin tækifæri, eigin verk, og geta skilið ferlið í kringum leikarann til að verða sjálfstæð. Mér var bent á evrópska leikhúsfræði og eftir að hafa komist inn hætti ég við allar aðrar áheyrnarprufur. Þessi nálgun var rétt fyrir mig.“

Sólveig Eva var mjög ánægð með val sitt. „Evrópska leikhúsfræðibrautin (BA European Theatre Arts) leggur áherslu á að vinna líkamlega með efnið. Það er unnið mikið með ólíka leikhústækni og lögg áhersla á líkamlegan spuna, sjálfstæði og samstarf,“ lýsir Eva Sólveig og segir þurfa ákveðinn aga til að læra á þennan hátt.

„Það besta við brautina var að ég kynntist Bergdísí Júlíu, Henriette Kristensen og Önnu Korolainen, en saman stofnuðum við leikhópinn Spindrift Theatre. Við unnum til dæmis með yfir 30 hæfileikaríkum listamönnum í Tjarnarbíói árið 2015 með sýningunni okkar Carroll: Berserkur, með styrk Evrópu unga fólksins og Reykjavíkurborgar.“

HELDUR ÁFRAM AÐ LÆRA

Sólveig Eva hlaut árið 2012 John Gielgud-styrk og segir það hafa verið mikinn heiður. „Það er ofboðslega hjálplegt og hvetjandi að hljóta styrk sem kemur frá meistara eins og Gielgud,“



Lífsspill

MYND/DAVID NOELS

AXOR
hansgrohe

Listaverk Hönnun Þægindi Starck V

IOI ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · isleifur.is

365 Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

ENDALOUS
SÍMTÖL & SMS
Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB 790 KR	1 GB 1680 KR
5 GB 2680 KR	30 GB* 2990 KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

Heilsuréttir fjölskyldunnar

Með vörðetta
OMEGA-3

Fiskibollur

Fiskibollur

og meðmæli og trú kennaranna sem hjálpuðu í Rose Bruford. Það kveikir líka neista að hugsa um getu og leikgleði gömlu bresku leikaranna.“

Sólveig Eva útskrifaðist árið 2013 en heldur áfram að þróa sjálfa sig. „Ég fer á námskeið þegar ég hef ráð á því, enda sterkur agi í bransanum hér að halda alltaf áfram að æfa sig utan sviðsljóssins,“ segir hún og nefnir trúðanámsskeið hjá LAMDA, náttúruvædda leikarann hjá Staniewski í Pólandi, físiðkt leikhús Meyerhold á Ítalíu, natúrísma í Eistlandi. „Hér í New York hef ég lært hjá Stellu Adler og er nú vikulega með Terry Schreiber og spunaskólanum Upright Citizen's Brigade.“

SPENNANDI TILVERA Í NEW YORK

Sólveig Eva flutti til New York með eiginmanni sínum, Gísli Karli Ingvarssyni, sem einnig er leikari. „Gísli Karl vann græna kortið og ég hafði alltaf verið mjög spennt að koma hingað. Ég fann strax að atvinnumarkaðurinn hér er mjög spenntur fyrir því að finna nýja einstaklinga og hér er ógrynni af bransafólki sem er óþreyjufullt að skapa saman. Það heillar mig upp úr skónum.“

Hún viðurkennir þó að það hafi verið dálítið sjokk að venjast bransanum í New York og að fylgja með því hvernig hlutverk eru í boði eftir kyni, aldri og kynþætti. „Til dæmis er hlutfall tilboða og hlutverka sem krefjast nektar gífurlegt fyrir ungar konur, og oft auglýst fyrir hlægileg laun. Svo gapir maður bara yfir sumum hlutverkalýsingum og þarf að passa sig að missa ekki vonina.“

LÍFLEG LEIKLISTARSENAN

Framboðið á hlutverkum í New York er töluvert. „Hér er hægt að velja milli leikhúss, sjónvarps og kvikmynda. Það sem ég hef helst rekið mig á er að maður þarf að vera félagi í Screen Actors Guild og Equity til að geta sótt um mörg af þeim hlutverkum sem eru í boði. Biðtíminn eftir aðild er langur en núna í desember verð ég loks orðin fullgildur meðlimur í þeim báðum og það er góð tilfinning fyrir næsta ár.“

En hvernig hlutverkum sæk-



Með eiginmanninum Gísli Karli.



Á Comic Con í New York.



Sólveig Eva byggir nú upp leiklistarferil í New York eftir nám í London.



Sólveig Eva tekur þátt í ýmsum fyrirsætuvörkum.

” Til dæmis er hlutfall tilboða og hlutverka sem krefjast nektar gífurlegt fyrir ungar konur, og oft auglýst fyrir hlægileg laun. Svo gapir maður bara yfir sumum hlutverkalýsingum og þarf að passa sig að missa ekki vonina.

Sólveig Eva

tala. Svo er ekki verra hvað hann er hæfileikaríkur og alltaf gaman að horfa á hann á sviði.“

BÚA Í ACTORIA

Sólveig Eva og Gísli Karl búa í því sem hún kallar „trendí“ hlutanum af Queens, í Astoria. „Það er stundum kallað Actoria því hér býr ógrynni af leikurum. Hér eru fráþættir samgöngur, kaffihús, barir og veitingahús. Við fundum fína íbúð frá því fyrir stríð og sjáum glytta í háhyzi úr eldhúsglugganum. Í kjallaranum er undarlegt kjarnorkubyrgi,“ segir hún og hlær.

JON GLASER LOVES GEAR

Nýjasta verkefni Sólveigar Evu er hlutverk í grínþáttunum Jon Glaser Loves Gear sem unnir voru fyrir grínþáttunum TruTV. „Jon Glaser er grínisti sem hefur unnið í fjölda ára sem höfundur hjá Conan O'Brien og hefur leikið í til dæmis Parks and Recreation, Inside Amy Schumer, Girls and Trainwreck. Grínþættir eftir hann, Delocated og Neon Joe, hafa sérstæðan húmor og sterkan aðdáendahóp. Hann er indælasti maður í heimi og þess vegna finnst mér sérstaklega gaman hvernig húmorinn hans kemur sjaldnast út í blíðum bröndurum heldur stinga oft og þína mann með vandræðalegri eða óviðeigandi hegðun,“ segir Sólveig Eva. Þátturinn gerir gys að fólki sem fær áráttu fyrir tækjabúnaði, golfbúnaði, veiðibúnaði, útilegubúnaði. „Brandarinn sprettur úr sannsögulegri ást Jons á slíkum búnaði,“ útskýrir hún.

„Jon leikur mann í raunveruleikþætti sem er að kynna allan mest spennandi tækjabúnað sem hann kemur höndum yfir. Eigin kona hans, sem leikin er af Miriam Tolan, þverneitar að taka þátt enda löngu komin með nóg af áráttunni og því tekur hann til þeirra ráða að ráða unga evrópska skvísu til að leika hana í staðinn.“ Og það er hlutverkið sem Sólveig Eva leikur en hún kemur fram í sjö af tíu þáttum.

MARGT FRAM UNÐAN

Undanfarið hefur Sólveig Eva verið að kynna þættina og fyrir stuttu tóku leikararnir þátt í Comic Con í New York. „Þættirnir verða svo sjóndir í sjónvarpinu þann 26. október.“

Leikkonan vinnur nú einnig rannsóknarvinnu fyrir næstu sýningu Spindrift-hópsins. „Við erum að taka viðtöl við karlmenn með ólíkan bakgrunn og reynum að komast að karllægri lífsreynslu í samfélaginu. Viðtölin verða svo nýtt í gegnum svokallað verbatim eða „orð fyrir orð“ leikhússform en í þessu tilviki munu konur tjá sögur þessara karlmanna, og við erum forvitnar að sjá hvað gerist við slíka meðferð,“ segir Sólveig Eva og er spennt fyrir framhaldinu, bæði í lífi og list.

ist hún eftir? „Handritum sem fá hjartað til að slá, með talsmáta sem mér finnst trúverðugur og sem kveikir á túlkun sem mér finnst ég fær um eða er hrædd við. En aðallega samstarfsmenn með sterka sýn, leikstjóra sem vita hvað þeir vilja fá. Hlutverk ein og sér geta auðveldlega týnst án þessa.“

SAMAN Í LEIKLISTINNI

Þau Gísli Karl kynntust í gegnum sameiginlegan vin sem bað þau um að gera stuttmynd þegar Sólveig Eva hafði nýlengið við fyrsta árið sitt í leiklistinni. „Gísli var búinn að vera virkur í leiklist í Versló. Við urðum strax yfir okkur skotin og bestu vinir, og það sem heillaði mig mest var að hann var alltaf til í að leika með mér. Sama hversu litlir leikirnir voru.“

Hún segir frábært að búa með manni sem veit út á hvað hennar eigið starf gengur. „Það er frábært að víkka sjóndeildarhringinn og reynslubankann með einhverjum sem er að elta sömu hlutina, og að geta treyst einhverjum að vera hreinskilinn og gagnrýnn en ekki bara elskulegur. Það er nauðsynlegt að geta fengið faglegt álit á prufum frá einhverjum sem skilur út og inn um hvað maður er að

SÚPER FÆÐA



KÖKOSOLÍA

BRAGÐ-OG LYKTARLAUS

Hentar vel í matargerð, ofan á brauð, til að poppa popp, í baksturinn, í þeytinginn, á húðina eða til inntöku.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Allt fyrir skipulagið!



Hinar sívinsælu 16 mánaða dagbækur frá Peter Pauper komnar aftur frá **2.695 kr.**



18 mánaða dagbækur frá **3.995 kr.**



Dagbækur frá Cavallini **2.995 kr.**



Borðdagatöl frá Cavallini **2.995 kr.**



Stílabækur A5 frá Go Stationery **2.190 kr.**



Minnisbækur A5 frá Go Stationery **2.090 kr.**



Stílabækur A7 frá Go Stationery **1.599 kr.**



Útsaumaðar minnisbækur frá Go Stationery **2.690 kr.**



Tímaritabox frá Go Stationery **2.290 kr.**



**BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið til 22:00 öll kvöld

UPPSKRIFTIR SIGMARS Í NÝRRI BÓK

Sigmar B. Hauksson var þekktur matgæðingur og ástríðukokkur. Hann var með sjónvarpsþætti um mat og ferðalög, skrifaði greinar í blöð og tímarit auk þess að vera öflugur veiðimaður. Ný bók, *Úr búri náttúrunnar*, kemur út fljótlega.

Elin Albertsdóttir
elin@365.is



Það er bróðir Sigmars, Jón Víðir Hauksson kvikmyndagerðarmaður, sem hefur tekið uppskriftirnar saman ásamt nokkrum félögum hans, þeim Rúnari Bachmann, Erni Svavarssyni, Kjartani Jónssyni og Guðmundi Björnssyni. „Þegar Sigmar lést fór ég að velta því fyrir mér að hann hefði aldrei gefið út matreiðslubók. Við höfðum stundum rætt um að gefa út bók með Strandirnar sem útgangspunkt en þar á fjölskyldan jörð. Við fórum þangað oft í veiðiferðir,“ segir Jón Víðir. „Sigmar skildi eftir sig sjö handskrifðar bækur með uppskriftum sem hann hafði útbúið. Það var mjög oft hringt í hann, fólk sem var að biðja um hin og þessi ráð í matargerðinni. Hann var alltaf tilbúinn að aðstoða fólk. Ég notaði þessar bækur til að vinna með og einnig uppskriftir að réttum sem hann matreiðdi fyrir fjölskylduna og veiðifélaga. Hann var mjög duglegur að bjóða fólk í mat, sérstaklega í sveitinni okkar, segir Jón Víðir og bætir við að úr nógu hafi verið að móða við gerð bókarinnar.

Í bókinni eru alls kyns uppskriftir, villibráð, lax, bleikja, saltfisk- og síldarréttir. „Sigmar var mikill síldarmaður og var oft með alls kyns síldarrétti í forrétt þegar



Bræðurnir Sigmar og Jón Víðir deildu áhugamálum sínum, matargerð og veiði. Nú er Jón Víðir að gefa út bók með uppskriftum Sigmars.

“Sigmar skildi eftir sig sjö handskrifðar bækur með uppskriftum sem hann hafði útbúið.

hann bauð í mat. Svo endaði hann alltaf matarveisluna á ostum,“ segir Jón Víðir. Þeir bræður voru samrýndir og unnu mikið saman. „Við gerðum til dæmis ferðabætti saman, Veisla í farangrinum. Hann var áhugamaður um góð vín og hafði mjög góð sambönd við vínframleiðendur. Birgir Hrafnsson hjá heildversluninni Bakkus hefur flutt inn mörg vín sem Sigmar mælti með. Sigmar var bæði matgæðingur og ástríðukokkur og lifði og hrærðist í þessum heimi. Hann var formaður Skotvís og lagði til dæmis mikla áherslu á að veiðimenn nýttu alla villibráðina, ekki bara bringurnar.“

Sigmar lést á aðfangadag í desember árið 2012 eftir stutt veikindi. „Við viljum heiðra minningu hans með þessari bók,“ segir Jón Víðir sem einnig er mikill áhugamaður um mat og veiði. „Samskipti okkar Sigmars snerust mikið um þessi áhugamál okkar,“ segir hann og gefur hér tvær uppskriftir úr bókinni.



SOÐIN, SÖLTUÐ GÆS (ENDUR)

með grænmeti, gráðostasósu og piparrót og Oriental-graflax að hætti Sigmars

Sigmar lagði verulega vinnu í þróun á þessum rétti og hann sló strax í gegn hjá veiðifélögum, ekki síður sósan sem fylgir. Einn af okkar uppáhaldsréttum.

Þækill

4 l vatn
3 lárviðarlauf
12 svört piparkorn
12 negulnaglar
12 einiber
600 g salt
400 g sykur.

Þækillinn er soðinn upp, eða salt og sykur látn leysast upp í köldu vatninu. Ein gæs (eða tvær endur) hamflett og sett í skál sem rúmar fuglinn og allan þækilinn. Látið standa kalt í 36 klukkustundir. Gott er að setja stein eða eitt-hvað þungt inn í eða ofan á fuglinn til að þækillinn fljóti alveg yfir. Gæsin sett í pott og kalt vatn sett yfir, kryddið með piparkornum, lárviðarlaufi og einiberjum. Einn laukur, ein gulrót, einn selleristöngull, gróft saxað, sett í. Soðið í eina klukkustund, eða þar til gæsin er vel soðin. Takið upp úr og settið álpappír yfir og haldið heitu.



Grafinn lax.



Gæs að hætti Sigmars B.

Meðlæti

6 gulrætur hreinsaðar og skornar í bita
1 til 2 rófur hreinsaðar og skornar í bita
1 þúrrulaukur hreinsaður og skorinn í bita
¼ hluti af hvítkálshaus skorinn í stóra bita
Nokkrar kartöflur skrældar og blómkálsknúppar

Allt grænmetið nema hvítkálið soðið við vægan hita í gæsasóðinu. Hvítkálínu bætt í síðustu sjö til átta mínúturnar.

Sósan

Smjör hitað í potti, hveiti sett út í, gæsasóði bætt í og síðan rjóma.

Saltað og piprað. Búin til hvít sósa hæfilega þykk. Gráðostur mulinn út í. Rétt áður en sósan er borin fram er rifinni piparrót bætt við.

Gæsin er skorin upp og sett á fat eða diska. Soðið grænmeti sett með. Smáskammti af soði er ausið yfir og sett á diska.

Oriental graflax

1 laxaflak, u.þ.b. eitt kíló
½ dl salt
½ dl hlýsíróp
2 matskeiðar sojasósa
1 matskeið „five spice powder“ (kínverskt krydd)

Öllu blandað saman og smurt á flakið. Álpappír settur yfir og sett í kælikáp í þrjá sólarhringa. Borið fram með graflaxsósu og góðu brauði.

Samgöngur

21. október 2016

KYNNINGARBLAÐ Reykjavík Excursions | Avis



Kristján Danielsson, forstjóri Reykjavík Excursions – Kynnisferða, segir nýja akstursleið Flugrúttunnar um Suðurland stórauka þjónustu fyrirtækisins en Flugrútan tengir nú Flugstöð Leifs Eiríkssonar við Suðurland með fjórum viðkomustöðum. MYND/REYKJAVÍK EXCURSIONS

Stóraukin þjónusta Flugrúttunnar á Suðurlandi með nýrri akstursleið

Reykjavík Excursions – Kynnisferðir hafa stóraukið þjónustu við íbúa og ferðaðþjónustu á Suðurlandi en fyrirtækið hefur nú hafið akstur frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar til Hvolsvallar með fjórum stöppum. Áætlað er að auka enn við þjónustu Flugrúttunnar næsta sumar.

„Akstur Flugrúttunnar á Suðurlandi er viðbót við þjónustu okkar og mikil lyftistöng fyrir jafnt ferðaðþjónustu og íbúa á Suðurlandi en stoppað verður í Hveragerði, á Selfossi, Hellu og Hvolsvelli,“ segir Kristján Danielsson, forstjóri Reykjavík Excursions – Kynnisferða. Um er að ræða nýja þjónustu Flugrúttunnar á Suðurlandi, sem tengir hótél og gisti staði á Suðurlandi beint við Flugstöð Leifs Eiríkssonar kvölds og morgna.

Minnkar árstíðasveiflur

Þjónusta Flugrúttunnar á Suðurlandi mun ná frá Flugstöðinni að og í gegnum BSÍ, þaðan yfir Hellið með stöppum í Hveragerði, á Selfossi, Hellu og á Hvolsvelli. Á leið sinni til baka ekur Flugrútan beinustu leið að Flugstöðinni á Keflavíkflugvelli, án þess að stoppa á BSÍ. Að vori tengist Flugrútan leiðakerfi „Iceland on your Own“ um Ísland. Kristján segist vona að akstur Flugrúttunnar á Suðurlandi minnki árstíðasveiflur hótela og gistiheimila á þessu svæði.

„Við erum með þessu að mæta beiðni ferðaðþjónustunnar á Suðurlandi, en hótél og gisti staðir hafa beðið eftir þessari viðbót. Þetta er líka eðlileg þróun á okkar leiðakerfi. Flugrútan er umfangsmikil akstursþjónusta sem starfrækt er milli Flugstöðvarinnar og Reykjavíkur og verður þessi nýjung til þess að efla hana enn frekar,“ segir Kristján en Reykjavík Excursions hefur rekið Flugrúttuna, á milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkur, frá árinu 1979.

Flugrútan á Suðurlandi

- Stóraukin þjónusta við íbúa og ferðaðþjónustu á Suðurlandi
- Stöppar á fjórum stöðum
- Tvær brottfarir á dag
- Bein tenging við Reykjavík og Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Flugrútan

Flugrútan keyrir í samræmi við komur og brottfarir allra fluga á Keflavíkflugvelli. Síðar var „pick up“ og „drop off“ þjónusta bætt við, þar sem ekið er á milli hótela eða gistiheimila og BSÍ.

Gæðavottun

Reykjavík Excursions – Kynnisferðir er með gullvottun Vakans og er jafnframt vottað sem ferðaðþjónustufyrirtæki af honum. Vakinn er gæða- og umhverfiskerfi ferðaðþjónustunnar á Íslandi.

Eins var fyrirtækið fyrsta ferðaðþjónustufyrirtæki Íslands sem fékk ISO 14001 umhverfsvottun frá The British Standard Institution (BSI).



Sérniðnar ferðir

Kynnisferðir – Reykjavík Excursions er eitt stærsta ferðaðþjónustufyrirtæki á landinu og býður upp á margar gerðir ferða fyrir hópa og einstaklinga. Fjölbreyttur rútufloti fyrirtækisins gerir það mögulegt að sérsníða ferðir fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum. Eins rekur Reykjavík Excursions Iceland on Your Own, áætlanarferðir um allt land sem henta ferðamönnum sem vilja ferðast um landið án þess að leigja bíl.

um sem vilja ferðast um landið án þess að leigja bíl.

Bílaleiga ný viðbót

Bílaleigan Enterprise Rent-A-Car er nýjasta eining Reykjavík Excursions og býður upp á margvíslega bíla á samkeppnishæfu verði ásamt langtímaleigu. Langtímaleigan er ný þjónusta sem byrjað var að bjóða upp á nú í haust.

Ferðamenn og hagsýnir samferða

Vefsíðan Samferða.net fór í loftið árið 2005. Um 2-300 manns heimsækja síðuna á dag og þegar mest lætur eru heimsóknirnar um 12.000 á mánuði. Traffíkin jókst umtalsvert eftir gosið í Eyjafjallajökli árið 2010 og hefur haldist svipuð síðan. Síðan var sett upp að erlendri fyrirmynd og er mikið notuð af útlendingum en sömuleiðis hagsýnum og umhverfissinnuðum Íslendingum.

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Á vefsíðunni Samferða.net er ýmist hægt að bjóða far eða óska eftir fari tiltekna leið. Bíleigandi sem er á leiðinni frá Akureyri til Reykjavíkur getur til dæmis boðið farþegum að sitja í gegn því að þeir taki þátt í bensínkostaði. Þá geta farþegar auglýst eftir fari. Síðan var sett upp að þýskri fyrirmynd en sams konar síður er að finna víða um heim. Þjóðverjinn Anita Hubner og Halldór Hlökkversson eiga hugmyndina en forritarinn Birgir Þór Halldórsson setti síðuna upp og hefur haldið henni úti síðan. „Þetta hefur reyndar að mestu leyti rekið sig sjálf. Ég fer einstaka sinnum þarna inn og laga eitthvað til en annars rúllar þetta að langmestu leyti sjálfkrafa. Þetta er bara komið í hendurnar á samfélaginu,“ segir Birgir.

Ef nýjar færslur á síðunni eru skoðaðar er ljóst að stór hluti notenda er útlendingar. Spurður hvort notkun síðunnar hafi aukist í takt við aukinn fjölda ferðamanna segist Birgir ekki hafa velt því fyrir sér. Hann sjái þó augljósan kipp í notkun eftir Eyjafjallajökulsgosið 2010,



Í upphafi voru notendur síðunnar aðallega að leita að fari en nú er hlutfallið milli þeirra sem óska eftir fari og bjóða far orðið jafnara.

en mikill ferðamannastraumur fylgdi í kjölfarið, og hefur notkunin haldist nokkuð stöðug síðan. Hann segir Íslendinga sem vilja spara sér pening eða er annt um umhverfið líka nota síðuna.

Þegar mest lætur eru að sögn Birgis 12.000 heimsóknir á síðuna á mánuði. „Notkunin er alltaf mest í júlí en minnst í nóvember.“

Að sögn Birgis voru notendur í upphafi aðallega að leita að fari en nú sé hlutfallið jafnara. Hann tekur fram að síðan sé alls ekki hugsuð fyrir gróðastarfsemi. „Hugmyndin er eingöngu að bílstjórinn fái upp í bensínkostnað og farþeginn borgi minna en hann hefði annars gert fyrir ferðina. Ég hef hins vegar séð fólk bjóða sæti í tólf sæta smárútum með það fyrir augum að græða á ferðinni og hef, þegar ég kem auga á slíkt, haft samband við viðkomandi og tekið auglýsinguna út.“

Í dag eru til Facebook-síður sem hjóna svipuðum tilgangi og samferða.net. „Ókosturinn við Facebook er að þar gerist allt í núinu. Ef ég set inn færslu í dag að mig vanti far eftir viku er hún fljót að týnast. Bílstjóri þyrfti að koma auga á hana strax því færslur á virkum Facebook-síðum eru fljótur að færast niður.“

AVIS býður upp á eins árs ábyrgð

Nú er góður tími til að endurnýja bílinn en á þessum árstíma eru bílaleigur landsins að endurnýja bílaflota sína. AVIS bílaleiga selur úrval notaðra bíla en leigan er þekkt fyrir gæði og öryggi. AVIS bílaleigubílar eru undir ströngu gæðaeftirliti frá viðskiptavinum sínum.

Á hverju hausti þurfa bílaleigur landsins að minnka flota sinn og selja út bíla til að geta endurnýjað fyrir næsta tímabil. Nú eru AVIS bílaleigubílar komnir á sölu og því auðvelt að eignast nýlegan bíl, en notaðir bílaleigubílar eru frábær kaup að sögn Elvars Vilhjálmssonar, bílasala hjá AVIS.

„AVIS bílaleiga er þekkt fyrir gæði og öryggi og eru AVIS bílaleigubílar því undir ströngu gæðaeftirliti frá viðskiptavinum. Það er því alltaf öruggt að bílarnir eru í toppstandi og hafa verið þjónustaðir reglulega.“

Það sem gerir bílaleigubíla betri en aðra notaða bíla að sögn Elvars er að þeir eru eknir mikið á stuttum tíma. „Því er nær eingöngu um langkeyrslu að ræða og það tryggir að bílarnir eru vel eknir. Bílvélar slitna mest frá því þær eru ræstar og þar til vinnsluhita er náð. Þessi akstur gerir það að verkum að allir ættu að vera öruggir þegar þeir kaupa bíl frá AVIS.“

Örugg vara

Að sögn Elvars býður AVIS upp á árs ábyrgð á vél og drifbúnaði eða allt upp að 15.000 km þar sem fyrirtækið veit að það er að afhenda örugga vöru. „Aðrir hlutir eru einnig í ábyrgð skv. ábyrgðarskilmálum AVIS í sex mánuði. Úrvalið er mikið þar sem í bifreiðaflota AVIS eru yfir 60 tegundir bíla og er því næsta víst að þú finnur bílinn sem hentar þér.“

Bílaleigubílar frá AVIS eru til sölu á þremur stöðum á landinu, tveimur í Reykjavík og einum



Nú eru AVIS bílaleigubílar komnir á sölu og því auðvelt að eignast nýlegan bíl og um leið traustan bíl.

á Selfossi og bætast við bílar á hverjum degi þessa dagana. „Til að vera öruggur um að þú vitir hvort þú sért að kaupa AVIS bíl þá eru þeir merktir sérstaklega „AVIS gerir betur“ í söluskrá. Það hefur því sjaldan verið öruggara að kaupa notaðan bíl,“ segir Elvar að lokum.

SÖLUSTAÐIR AVIS BÍLANNA

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 110
Reykjavík
S: 587 8888

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 105
Reykjavík
S: 510 4900

Toyota Selfossi
Fossnesi 14, 800 Sel-
foss
S: 480 8000

AVIS
Bílaleiga

Reykjavík ↻ Keflavík



Bókaðu núna
airportexpress.is



Your Iceland Tour Expert

Brottfarir alla daga í tengslum við öll flug.
Verð aðra leið frá **kr. 2.100,-**
báðar leiðir **kr. 3.800,-**

Nánari upplýsingar

Tel. +354 540 1313 | iceland@grayline.is | airportexpress.is





Franskt þar flakkaði um Ísland á þessum forlata Citroën.



Þessi litur út fyrir að vera eldri en hann er. Yfirbyggingin er úr plasti og var hönnuð fyrir breska bíómynd.

Gestir á furðulegum fararskjótum

Um fjögur þúsund gestir heimsóttu Samgönguminjasafnið á Ystafelli í sumar. Safnstjórinn Sverrir Ingólfsson heldur úti Facebook-síðu safnsins þar sem hann birtir til að mynda skemmtilegar myndir af fararskjótum gesta sinna sem margir hverjir eru æði sérstakir.

Sólveig
Gísladóttir

solveig@365.is



Sverrir er sonur hjónanna Ingólfs Kristjánssonar og Kristínar Björnsdóttur sem stofnuðu Samgönguminjasafnið á Ystafelli árið 2000. Safnið á sér þó mun lengri aðdraganda. „Mamma var fædd og uppalin hér á Ystafelli en fór til Reykjavíkur í stríðinu, hitti

pabba og flutti hann hingað norður árið 1946,“ segir Sverrir glettinn. Ingólfur hóf strax að gera við bíla og traktora auk þess sem hann ók mjólkurbíl. „Pabbi stofnaði síðan verkstæði en í þá daga var erfiðara að nálgast varahluti og menn urðu að bjarga sér. Pabbi keypti til dæmis stundum bíla til að fá girrkassa eða öxul en henti ekki afganginum. Þar af leiðandi myndaðist haugur af

bílum í kringum verkstæðið.“

Foreldrar Sverris stofnuðu sjálfseignarstofnun utan um starfið árið 1998 en safnið var opnað formlega í júlí árið 2000. „Mamma og pabbi létust bæði þremur árum síðar,“ segir Sverrir, sem alla tíð hefur verið viðriðinn safnið.

Á safninu kennir ýmissa grasa. „Við reynum að hafa aðalþemað íslenska bíla með íslenska sögu. Hér eru í kringum áttatíu bílar og trakt-

orar, þeir elstu frá 1919 og yngsti bíllinn er rafmagnsbíll frá 1991.“

Fjölbreyttur gestahópur

Gestir safnsins hafa verið í kringum fjögur þúsund síðustu sumar. „Í upphafi var mikill meirihluti þeirra Íslendingar en nú hefur þetta snúist við og hingað koma mun fleiri erlendir ferðamenn en áður,“ segir Sverrir. Gestirnir eru frá öllum heimshornum. „Það

koma fjölmargir frá Austur-Evrópu en einnig eru Þjóðverjar og Bandaríkjamenn áberandi. Flestir detta hér inn fyrir tilviljun, eru þá á ferðalagi hér um Norðurlandið og sjá auglýsingaskiltin frá okkur við vegamótin,“ segir Sverrir en þetta eru engin venjuleg skilti enda notast safnið við gamla bíla til að auglýsa safnið. „Það er besta auglýsingin,“ segir hann og brosir.



Gunnlaugur er flugvallarstarfsmaður og það er meðal annars í hans verkahring að sjá um að öll ljós á Akureyrarflugvelli séu í góðu lagi. Þannig er Gunnlaugur hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um Akureyrarflugvöll.





Fjórir forlata Bentley-bílar skreyttu hlaðið á Ystafelli einn dag í sumar.



Svissnesk fjölskylda á Trabant með tjald á þakinu.



Viðföllum Citroën.

Hann segir þó koma fyrir að fólk leiti uppi safnið eftir að hafa lesið um það á netinu. „Svo man ég eftir einum manni sem kom hingað frá Noregi. Hann flaug til Reykjavíkur, tók bílaleigubíl og ók hingað norður að heimsækja okkur. Síðan ók hann til baka og flaug heim,“ segir Sverrir og hlær.

Öðruvísi ökutæki

Gestir Samgönguminjasafnsins eru fjölbreyttir en það sama má segja um bílakost þeirra. Sverrir tekur myndir af þeim áhugaverðu bílum sem eiga leið um hlaðið og birtir á Facebook-síðu safnsins. Hann segir frá fjórum þeirra sem komu á safnið í sumar.

Í ágúst kom á safnið pallbíll sem við fyrstu sýn leit út fyrir að vera ævagamall. Ökumaðurinn var hippalegur Breti sem var á ferða-

lagi um Ísland í þrjár vikur. „Þegar nánar var að gáð var þetta í raun nýlegur bíll, það er undirbyggingin var af nýlegum Mazda. Yfirbyggingin var hins vegar plast-yfirbygging sem notuð var í bíómynd í Bretlandi. Hún hafði verið máluð með sérstakri málningu og svo ekki þvegin í tólf eða fjórtán ár og því var farinn að vaxa mosi á bílnum,“ segir Sverrir en eigandinn hafði keypt yfirbygginguna og sett hana sjálfur á nýlegan undirvagn. „Þetta var mikill grúskari og mjög skemmtilegur. Ég held að hann hafi heimsótt alla þá útnára sem finnast hér á Norðurlandi,“ segir Sverrir.

Annar áhugaverður bíll var gamall Trabant í eigu svissneskrar fjölskyldu. „Á þaki bílsins var tjald sem foreldrarnir sváfu í en börnin tvö sváfu í bílnum. Þau voru hér á löngu ferðalagi og höfðu mjög

gaman af því að koma á safnið. Hér dvöldu þau í sex tíma við að lita, leika sér og skoða safnið. Þetta var mikið Trabant-áhugafólk enda áttu þau fleiri slíka bíla heima hjá sér,“ segir Sverrir en konan var frá gamla Austur-Dýskalandi en maðurinn frá Sviss.

Snemmsumars kom franskt par á bláum fjórhjóladrifnum Citroën-húsbíl af árgæð 1980. „Þau höfðu ferðast um allan heim á þessum bíl og farið á ótrúlegustu staði eins og límniðarnir á bílnum sýna. Þau áttu nýjan LandCruiser heima en fannst bara miklu skemmtilegra að ferðast um á þessum sérstaka bíl enda mun meiri karakter.“

Ein minnisstæðasta heimsóknin í sumar var þegar fjórir glæsilegir Bentley-bílar renndu í hlað. „Það var svakalega gaman að því. Þarna voru forríkir einstaklingar á ferð frá nokkrum löndum sem stunda það að ferðast um heiminn á þessum glæsikerrum,“ segir Sverrir en bílarnir eru meðal annars frá 1928 og 1930. En ætli þessi bílar virki vel á íslenskum vegum? „Þessir bílar voru smíðaðir á Englandi á tíma þegar voru engir almennilegir vegir. Þeir eru því á stórum dekkjum og því hálfgerðir jeppar,“ svarar Sverrir.

Samgönguminjasafnið Ystafelli er aðeins opið á sumrin og er því búið að loka fyrir veturinn nú. Hægt er að forvitnast um safnið á www.ystafell.is og á Facebook undir Samgönguminjasafnið Ystafelli.

Freydís er á leið til ömmu og afa á Akureyri með mömmu sinni, henni Jónu. Freydís hefur ótrúlega gaman af að fljúga og gæti vel hugsað sér að verða flugmaður þegar hún verður stór.



ISAVIA

VIÐ ERUM HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI

Hjá **Isavia** starfar samhentur hópur starfsmanna. Markmið okkar er að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra 30 milljóna farþega sem fara um flugvelli og flugstjórnarsvæði okkar árlega. Okkar hlutverk er að tryggja öryggi þeirra allra og gera för þeirra sem ánægjulegasta.

Við erum að vaxa og þurfum að fjölga í liðinu okkar til að bregðast við sífelldri fjölgun farþega. Stefna okkar er að bjóða upp á gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi, öflugra fræðslu og þjálfun og við leggjum áherslu á jákvæðan starfsanda innan fyrirtækisins.

Kynntu þér störfín sem standa til boða hjá Isavia og vertu með okkur í því að vera hluti af góðu ferðalagi.

isavia.is/atvinna
[facebook.com/isaviastorf](https://www.facebook.com/isaviastorf)

Engin þörf fyrir einkabíl í Amsterdam

Hanna Kristín Guðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, dvelur oft í Amsterdam en hún er gift hollenskum manni. Hún segir að Hollendingar séu mjög umhverfissinnaðir og noti reiðhjólíð mikið.

Hanna Kristín segir að Hollendingar séu allir á reiðhjólum. „Hvort sem það eru börn eða gamalmenni, allir eru á hjólum,“ segir hún. „Reyndar hefur notkun reiðhjóla aukist mikið hér á landi en enn sem komið er eru það bara þeir allra hörðustu sem nota það sem samgöngutæki,“ segir Hanna Kristín og bætir við að fólk velji reiðhjólíð mun frekar en almenningsamgöngur eða einkabílinn. „Fólk fer á hjóli út í búð og flestir eru með körfur á hjólinu eða draga vagna á eftir sér. Fólk fer jafnvel í húsbúnaðarleiðangra á hjólinu. Í Hollandi og þá sérstaklega Amsterdam er engin þörf fyrir einkabíl þar sem almenningsamgöngur eru mjög góðar, hvort sem það er strætó, lest eða sporvagnar. Víða eru skjáir sem auðvelda fólk að fylgjast með hvenær vagnarnir koma. Maður þarf því ekkert að bíða upp á von eða óvon eftir næsta strætó. Ég fer allra minna ferða á reiðhjólunum, jafnvel til næstu bæja og á Norðursjávarströnd til að njóta strandlífsins.

Góð líkamsrækt

Það er mjög þægilegt að nota reiðhjólíð en ferðamenn þurfa að passa sig á hjólreiðafólkinu sem getur oft verið ansi óvægið og ég verð að viðurkenna að ég er þar meðtalin. Það er mjög mikið af hjólum í Amsterdam og jafnframt mikið um þjófnaði. Við höfum skilið hjólin okkar eftir í næstu götu

” Í Hollandi og þá sérstaklega Amsterdam er engin þörf fyrir einkabíl þar sem almenningsamgöngur eru mjög góðar.

Hanna Kristín Guðjónsdóttir

en sem betur fer hefur þeim aldri verið stolið. Maður verður alltaf að læsa hjólunum við eitthvað fast í götunni með völdugum lásnum. Vegna þess hversu reiðhjól eru mikið notuð hjá fólk á öllum aldri í Amsterdam er fólk yfirleitt vel á sig komið líkamlega. Hjólreiðar er mjög góð líkamsrækt. Hins vegar notar enginn hjálm. Þótt ég fari aldrei á hjól hér heima nema hafa hjálm þá set ég hann aldrei upp í Hollandi. Maður upplifir borgina allt öðruvísi á hjóli heldur en í bíl. Aðalmálið er að fara varlega. Heimamenn reyna að vara sig á túristunum því þeir eru oft óútreiknanlegir en hjólin eru oftast vel merkt þannig að maður er á varðbergi.

Strætín ný

Hverfið Jordan, sem er hverfið mitt, er einn af mínum uppáhaldsstöðum í borginni og maður þarf lítið að fara út fyrir það. Strætín ný eru í nálægð við Jordan-



Fallega gatan hennar Hönnu Kristínar í Amsterdam.



Hanna Kristín Guðjónsdóttir.



Amsterdam er skemmtilegt borg. Flestir fara um á reiðhjólum.

hverfið. Í strætunum ný eru litlar götur með mjög sérstöku andrúmslofti og stemmingu, líkt og Notting Hill og eða SoHo sem einstakt er að upplifa. Gatan mín

kallast tíunda strætið því hún þykir hafa sama andrúmsloft og í strætunum ný, litlar boutique-búðir, gourmet-búðir, veitingastaðir og listgallerí.

VÖNDUÐ JEPPADEKK FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



VÖNDUÐ OG HLJÓÐLÁT DEKK UNDIR FLESTAR GERÐIR JEPPA OG JEPPLINGA. STÆRÐIR FRÁ 29-44 TOMMU.

TILBOÐ LOFTDÆLA



Viair 85p

fylgir seldum dekkjagöngum meðan birgðir endast.

ÖLL ALMENN DEKKJAFJÓNUSTA TÍMABÓKANIR Í SÍMA 540 4900

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.com



Fatlaðir eiga rétt á séraðstoð í flugi

Fatlaðir og hreyfihamlaðir flugfarþegar sem ekki komast auðveldlega um eiga rétt á aðstoð á flugvöllum sér að kostnaðarlausu. Þetta geta verið farþegar sem af einhverjum orsökum geta ekki gengið langar vegalendir. Eins farþegar í hjólastól, heyrnarlausir og heyrnarskertir, blindir og sjónskertir og greindarskertir. Aðstoðin felst í því að gera þeim kleift að fara í gegnum innritun og öryggisleit, komast um borð í loftfar, koma farangri fyrir um borð, ná tengi-flugi, komast úr loftfari í gegnum landamæraeftirlit, fara í gegnum tollskoðun á komustað og endurheimta farangur á komustað.

Í einhverjum tilfellum er hægt að panta slíka þjónustu á bókunarsíðum flugfélaga á netinu eða í gegnum söluskrifstofur þeirra eða ferðaskrifstofur.

Við bókun eða beiðni um slíka aðstoð er nauðsynlegt að farþegar noti sérstök tákni, en yfirlit yfir þau er að finna á vef Samgöngustofu, samgongustofa.is. Táknin skilgreina hverjar þarfirnar eru og hvers eðlis fötlunin er. Mikilvægt er að flugfarþegar fái staðfestingu fyrir því að beiðni þeirra um aðstoð eða þjónustu hafi verið móttækin.

Flugrekendum er ætlað að flytja



Í einhverjum tilfellum er hægt að panta séraðstoð fyrir fatlaða á bókunarsíðum flugfélaganna á netinu.

stöð- og lækningatæki fyrir fatlaða, þar með talið rafmagnshjólástóla. Flutningur stöð- og lækningatækja er þó háður því að tilkynning um ætlaðan flutning hafi borist innan settra tímamarka og að það sé laust pláss í loftfarinu.

Gerist þess þörf að fylgdarmaður sé með í för þá er flugrekanda ætlað að útvega viðkomandi sæti við hlið fatlaðs eða hreyfihamlaðs einstaklings, sé það mögulegt. Flugrekandi skal ennfremur gera nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga sæti fatlaðs og hreyfihamlaðs einstaklings, sé þess óskað, þó með fyrirvara um öryggiskröfur og að slíkt sæti sé tiltækt.

Nánari upplýsingar er að finna á fyrrnefndum vef samgöngustofu.



**BÍLAR, FÓLK
OG FRAMTÍÐIN**

RÁÐSTEFNAN

BÍLAR, FÓLK OG FRAMTÍÐIN

- Hvernig er ökutæki framtíðarinnar?
- Hvernig verða vegir framtíðarinnar?
- Áhrif og breytingar sem geta orðið á daglegt líf okkar?
- Hver mun eiga upplýsingarnar um ferðir okkar?
- Mun eiginlegur ökumaður heyra sögunni til?



Þetta eru nokkar spurningar af mörgum sem ætlunin er að leita svara við á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin sem haldin verður í **Hörpu fimmtudaginn 17. nóvember 2016.**

Þetta er einstök ráðstefna um byltingarkennda þróun bíltækninnar, með tilheyrandi áhrifum á vegakerfi og umferðaröryggi.

Meðal fyrirlesara eru:

- **Aled Williams**, verkefnastjóri EuroNCAP
- **Helga Þórisdóttir**, forstjóri Persónuverndar
- **Andreas Egense**, frá dönsku Vegagerðinni
- **Hreinn Haraldsson**, vegamálastjóri
- **Gunnar Haraldsson**, hagfræðingur
- **Tom Palmaerts**, framtíðarráðgjafi

Ráðstefnan er ætluð fagaðilum og áhugasömum sem tengjast samgöngumálum og bílgreininni almennt, sveitarfélögum og opinberum stofnunum.

Takmarkaður miðafjöldi, tryggðu þér miða tímanlega!

Innifalið í miðaverði eru ráðstefnugögn, kaffiveitingar, hádegisverður og léttar veitingar í lok ráðstefnunnar.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og skráningu á hana má finna á heimasíðunni:

www.bff.is





Eftirgerð Cudell 1901, fyrsta bílsins á Íslandi, smíðuð af Sverri Andrésyni frá Selfossi.

Ný orð verða til

Orðin bíll og bifreið eru bæði fyrir löngu búin að festa sig í sessi í íslensku máli. Orðið bíll er stytting á franska orðinu automobile en farið var að nota orðið bifreið skömmu eftir að fyrstu bílarnir sáust á götum landsins. Ekki voru allir sáttir við seinna nýyrðið og lögðu m.a. þingmennirnir Bjarni Jónsson frá Vogu, Matthías Ólafsson og Jón Ólafsson fram tillögu á þingi sem fól í sér að hafna orðinu bifreið en taka þess í stað upp orðið sjálfrenningur. Tillagan var samþykkt. Fleiri hugmyndir komu fram að orðum yfir þessa tækninýjung. Þannig kom Vigfús Guðmundsson með tillögu að heitinu þeysivagn eða þeysa í Ísafold í júlí 1913. Meðal annarra tillagna sem komu fram á þessum tíma voru sjálfhreyfivél, sjálfrennireið, rennireið og skellireið.

Það var Ditlev Thomsen kaupmaður sem flutti inn fyrsta bílinn til Íslands árið 1904. Um var að ræða gamlan og lúinn bíl af gerðinni Cudell sem framleiddur var árið 1901 og gerði fyrir vikið ekki mikið gagn.



Mikinn fróðleik er að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fróðleikur fyrir nörda á Vegagerðinni

Vegagerðin líkir á heimasíðu sinni, vegakerfi landsins við æðakerfi líkamans sem viðhaldi starfsemi hans með því að tryggja blóðstreymi um kroppinn. Vegakerfið tryggir með sama hætti samgöngur um landið sem séu forsenda þess að mannlíf og atvinnulíf vaxi og dafni bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Síðan sjálf er hafsjór af fróðleik sem stórskemmtilegt er að skoða, jafnvel þótt vegagerð sé ekki endilega eldheitt áhugamál út af fyrir sig.

Þar er að finna hinar ýmsu upplýsingar um vegakerfið á Íslandi, færð, veður og framkvæmdir og skemmtilega töflu yfir vegalengdir milli staða á landinu. Til dæmis eru 967 kílómetrar milli Djúpvogs og Ísafjarðar og ef ekið er heilan hring kringum landið safnast 1.332 kílómetrar á kílómetramælinn.

Á síðunni er einnig að finna skrá yfir allar brýr á landinu, lengd þeirra og smíðaár og „mesta flatarmál akbrauta á brú“ á hinum ýmsu stöðum. Til dæmis er flatarmál akbrauta á brú í Borgarfirði 4.659 fermetrar!

Þá er hægt að skoða umferðarmerkin og hvað þau þýða.
www.vegagerdin.is

VILJA MINNKA KOLEFNISLOSUN

Flugiðnaðurinn hefur skuldbundið sig til að minnka heildarkolefnalosun sína þannig að hún verði helmingi minni árið 2050 en hún var árið 2005. Ein helsta leiðin til þess að iðnaðurinn verði umhverfisvænni er að nota endurnýjanlegt eldsneyti en það lítur út fyrir að hún verði torsótt þar sem eldsneytið er af skörum skammti. Endurnýjanlegt eldsneyti fyrir flugvélar er framleitt úr fræolú og úrgangsefnum eins og matarolíu og dýrafitu.

Flugfélögum er svo umhugað um að minnka svokallað kolefnaspor sitt að allt endurnýjanlegt eldsneyti, sem verður framleitt í þrem-



ur verksmiðjum sem bráðum verða tilbúnar, er uppselt áður en verksmiðjurnar eru opnaðar.

Aðeins tvær verksmiðjur í heiminum framleiða endurnýjanlegt eldsneyti sem hægt er að nota á flugvélar. Áætlað er að opna þrjár í viðbót á næstu tveimur árum, allar í Bandaríkjunum. Ein af þeim mun breyta viðarúrgangi í eldsneyti en önnur framleiðir úr sorpi. Þrátt fyrir að ekki sé enn búið að opna verksmiðjurnar hefur öll framleiðsla þeirra verið seld.

2 MARAÞON
NOW

HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN VIÐ HÖNDINA

Stöð 2 Maraðon NOW er ný streymisveita fyrir snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.*

3 MÍN AÐ SKRÁ SIG DAGAR FRÍTT

2.990 KR. Á MÁNUÐI

2now.is |

365
*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndtyklum Símans.

Laugarnar í Reykjavík

ÁRBÆJARLAUG

Bleikur október í laugunum



fyrir alla
fjölskylduna

í þínu
hverfi

Frá
morgni
til kvölds

Í október verða laugarnar í Reykjavík bleiklýstar í tilefni af herferð Krabbameinsfélagsins, Bleiku slaufunni. Styðjið baráttuna gegn krabbameini og hafið slaufuna ykkar sýnilega í október.

Sími: 411 5000 | www.itr.is



Lárpera er rík af E-vítamínum og hollum fitusýrum, svo sem ómega-3 og ómega-6.


Lárperu-andlitsmaski

½ lárpera (avókadó)
¼ bolli haframjöl
1 msk. eplaedik
2 msk. hunang
1 msk. sítrónusafi

Maukið lárperuna í skál og hrærið hráefnin út í. Berið á andlitið með fingrunum eða „fórnið“ einum af förðunarburtunum og notið til að bera maskann á. Látið bíða í um það bil 20 mínútur. Hreinsið þá af með volgu vatni og berið rakakrem á andlitið.

Lárpera er rík af E-vítamínum og hollum fitusýrum, svo sem ómega-3 og ómega-6. Sítrónusafinn frískar húðina og eplaedikið er talið minnka roða og útbrot. Hunang hreinsar húðina og er bakteríueyðandi og hafrarnir í maskanum virka eins og skrúbbur en eru jafnframt mýkjandi.

www.nutritionstripped.com



Scarlett Johansson ásamt eiginmanni sínum, Romain Duric.

Scarlett opnar poppkorns-verslun

Leikkonan Scarlett Johansson mun opna poppkornsverslun í París á morgun. Verslunin hefur fengið nafnið Yummy Pop en þar verður hægt að kaupa ýmiss konar bragðbætt popp. Má þar nefna popp með Vermont-cheddar bragði, trufflubragði, jarðarberja- og rjómbragði, parmesan og salvíu.

Poppið verður lagað á staðnum og lögð áhersla á árstíðabundnar bragðtegundir. Leikkonan sjálf mun standa vaktina þegar búðin verður opnuð. Reyndar verður aðeins um reynsluopnun að ræða því hugmyndin er að aðlaga verslunina og úrvalið að viðbrögðum og óskum viðskiptavina. Stefnt er að aðalopnun fyrir lok árs.

Verslunin er samstarfsverkefni Johansson og eiginmanns hennar, Romain Duric, en Johansson hefur að sögn mikla ástríðu fyrir poppi. Hjónin hafa þróað uppskriftirnar í samstarfi við kokkinn Will Horowitz sem rekur veitingastaðina Ducks Eatery og Harry and Ida's í New York.

KRAFTMIKLAR KAFFIPÖNNSUR

2 bollar hveiti
½ bolli sykur
2 msk. lyftiduft
1 msk. salt
1 bolli mjólk
1 bolli kalt kaffi
2 egg
4 msk. bráðið smjör
1 msk. vanilla

Setjið þurrefnin í skál og þeytið í annarri skál mjólk, kaffi, egg, smjör og vanillu. Blandið út í þurrefnin. Bakið pönnukökurnar, hellið hlýnsirópi yfir þær og borðið.

www.bloggingwithhappels.com



FEGURÐ OFAR ÖLLU

Ljómi. Fullkomnun sem endist.

Kynnum Skincolor de la Mer™. Þrjár NÝJAR formúlur sem blandast húðinni óaðfinnanlega, græðandi rakagjöf og Miracle Broth, kraftaverkaseyðið í La Mer kremunum sem hefur endurnýjandi áhrif á frumurnar. Afmáir húðholur og ójöfnur. SPF og andoxunarefni hjálpa til við að verja nýja óaðfinnanlega ásýnd.



LA MER

LaMer.com

Sigurboginn Laugarvegi - Snyrtistofan Jóna Hamraborg

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



MERCEDES BENZ E 200 KOMPRESSOR. Árg.'05, ek. aðeins 175. þús km, sjálfskiptur, mikið búið að endurnýja og yfirfara. Verð 1.690.000. Rnr.250639. S:562-1717, á staðnum.



100% LÁN MÖGULEGT
NISSAN NOTE VISIA. Árg. 2011, ek. aðeins 89. þús km, bensín, 5 girar. Verð 1.290.000. Rnr.128425. S:562-1717, á staðnum.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

100 bílar.is



Jeep Grand Cherokee Overland, 7/2014, ek 41 þús km, dísel, sjsk, umboðsbíll, leður, toppluga, dráttarbeisli og fl, tilboðsverð 9.990 þús, er á staðnum raðnr 152579.

100 bílar ehf
Stekkjarkakki 4, 109 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu



FRÁBÆR SNATTARI !!!
Kia Rio LX 2015, 1,4 dísel, hvítur, beinskíptur, ekinn 53 þús. km. Sumar- og nagladekk fylgja. Verð 1.950.000,-
Uppl. í s. 7736898



VW Passat Highline Panorama 2011, 83þ km. Sjálfsk., bensín og metan. Krókur, Webasto. Topp viðhald. Lítur út eins og nýr. Góð sumar og vetrardekk á felgum. Verð 2.590þ, uppl. 899-0410

Bílar óskast

0-600 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoðu allt. Jeppa, fólsbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar

VAKA



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald - Bókhald Laun - skattframtöl.

Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Húsaviðhald

SMÍÐSKRAFTUR EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagning og allt almennt viðhald.

Uppl. í s. 663 3944 Ingi

smidskraftur@gmail.com

Nudd


NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Skemmtanir



Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.


Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

KEYPT & SELT

Til sölu



Þjónusta

Snorri Hermannsson hefur opnað Dekkjáþjónustuna í Auðbrekku 2, Kópavogi

Hjólbarðþjónusta

Ný og notuð dekk Umboðssala fyrir dekk og felgur

Tökum notuð dekk upp í ný dekk - Pólyhúðun á felgum - Dekkjahótel Tökum einnig að okkur smáviðgerðir, smurningu og ýmsa bílaþjónustu

Áratuga reynsla og persónuleg þjónusta



Auðbrekku 2, Kópavogi

S: 557 6644 / 823 6644 - Verið velkomin - þú finnur okkur líka á facebook.

ALLTAF VIÐ HÖNDINA



Þú getur alltaf nálgast Fréttablaðið á þægilegan og fljótlegan hátt. Blaðið er einnig aðgengilegt í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

FRÉTTABLAÐIÐ

... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



sýningar

ARCTIC CAT 2017

FRUMSÝNING

Á MORGUN KL. 14-17

Fjöldi tilboða
Léttar veitingar
Blöðrur fyrir börnin

NITRO Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi / www.nitro.is **ARCTIC CAT**

Óskast keypt


KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Vélar og verkfæri



Slípibollar
SAOU
QUALITY TOOLS

Ásborg

Smiðjuvegi 11 Gul gata Kóp.
Sími 564 1212

HEILSA

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði óskast

Herb. eða studio íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 650 3707 & verk@verksjon.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.BUSLÖDAGEYMSLA.IS

Búslöðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Längtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S. 564-6500

Blaðberinn
bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.


Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

ATVINNA

Atvinna í boði



BÍLSTJÓRI ÓSKAST Í SENDIBÍLAAKSTUR.

Föst verkefni og frá stöð. Gjarnan með reynslu af akstri, u.þ.b. 25 ára eða eldri, hraustur, reyklus og reglusamur. Aukin ökuréttindi kostur en ekki skilyrði.

Áhugasamir sendið uppl. um aldur og fyrri störf, ásamt fyrirspurnum á skutlari@gmail.com.

Ritari óskast í hlutastarf eftir hádegi á læknastofu. Umsóknir berist fyrir 24. október á stofan@isl.is

Píratar bjóða frjálssar handfæraveiðar öflugt við XD. XB og vídreisn.

skemmtanir

Cafe
Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Hljómsveitin Klettur

Leikir helgarinnar:

Laugardaginn 22. okt

13:50 Arsenal - Middlesbrough

16:20 Liverpool - W.Bromwich Albion

Sunnudaginn 23. okt

14:50 Chelsea - Man. United




Rúnar Þór,
Rúnar Vilbergs,
Björgvín Gísla
og Siggí Árna
spila í kvöld.

Allir velkomnir



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

fasteignir



Bjarmaland 7

Glæsilegt vel skipulagt og mikið endurnýjað 248 fm einbýlishús við Bjarmaland 7 neðst í Fossvoginum.

Eignin hefur verið mikið endurnýjuð að innan sem utan á síðustu árum þar sem hvergi hefur verið til sparað í efnisvali eða hönnun.

Tilboð óskast



Nánari upplýsingar veitir
Gunnar S. Jónsson
löggtillur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggtillur fasteignasalar

- með þér alla leið -

atvinna

ATVINNA



STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í
VERSLUN OKKAR Á SMÁRATORGI

Óskum eftir að ráða lífsglaða og duglega starfsmenn til starfa í verslun okkar á Smáratorgi. Um er að ræða starf á kassa og starf við áfyllingar. Um fullt starf er að ræða.



Vinsamlegast sendið ferilskrá á iver@rfi.is eða fyllið út umsókn á staðnum.

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGÍÐ • BADIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

BJARMALAND 7
FOSSVOGUR, 108 REYKJAVÍK

Stórglæsilegt 248 fermetra einbýlishús á einni hæð, þar af 27,3 fermetra bílskúr. Húsið hefur nánast allt verið endurnýjað á s.l. árum á afar vandaðan og smekklegan hátt. Frábær staðsetning neðst í Fossvogi. Garðurinn er mjög skjóggóður og afgirtur með mjög stórra timburverönd og með heitum potti með útisturtu og innbyggðu grilli.

Verð: Tilboð.

Nánari upplýsingar veita:

Hilmar Þór Hafsteinsson lögg. fasteignasali í síma 824-9098, hilmar@eignamidlun.is og Magnea S. Sverrisdóttir lögg. fasteignasali í síma 861-8511, magnea@eignamidlun.is

EIGNAMIDLUN

Sala fasteigna frá
Elista starfandi fasteignasala landsins

1957

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

JÓLATÓNLEIKAR

KK

&
Ellen



Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni

Að margra mati koma jólin ekki fyrr en að afstaðinni árlegri tónleikaröð systkinanna KK og Ellenar. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni og árið í ár verður engin undantekning. Þessi söngelsku og sívinsælu systkini flytja sín eigin lög í bland við sígildar jólaperlur sem koma öllum í rétta skapið. Þeim til halds og trausts verður úrvalsveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans Jóns Ólafssonar. Gleðilega hátíð!

09.12. Fríkirkjan í Reykjavík

10.12. Bæjarbíó, Hafnarfirði

11.12. Salurinn, Kópavogi

16.12. Vídalínskirkja, Garðabæ

17.12. Hlégarður, Mosfellsbær

18.12. Grafarvogskirkja

19.12. Háskólabíó

Tónleikarnir hefjast kl. 21:00.

Miðasala á midi.is.

Miðasala á tónleika í Salnum á salurinn.is.

DÆGURFLUGAN

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1805 Sjóorrustan við Trafalgar. Breski sjóherinn undir stjórn Nelsons lávarðar gersigrar franska og spænska sjóherinn úti fyrir ströndum Spána.

1933 Bannlögin eru afnumin í Þjóðaratkvæðagreiðslu. Áfengisbannið er afnumið tveimur árum síðar.

1944 Nýsköpunarstjórnin, ríkisstjórn Ólafs Thors, tekur við völdum.

1945 Franskar konur fá kosningarétt.

1959 Guggenheim-safnið er opnað í New York.

1961 Bjarni Jónsson vígslubiskup er kjörinn fyrsti heiðursborgari Reykjavíkur.

1988 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara í Laugarnesi er opnað.



Elskuleg móðir okkar,
Auður Þórðardóttir
frá Hergilsey,
andaðist þann 11. október.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
föstudaginn 21. október nk. kl. 15.00.

**Björk Svanfríður, Sigurbjörn, Valgerður Þorbjörg Elin,
Lúðvík, Þórir og Ólafur Guðmundur Guðjónsbörn**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Brynhildur G. Hansen
Aðalstræti 9, Reykjavík,
andaðist sunnudaginn 16. október.
Útför hennar verður gerð frá
Dómkirkjunni í Reykjavík
miðvikudaginn 26. október klukkan 13.

Guðjón Jóhannsson Auður Inga Ingvarsdóttir
Henry K. Hansen Jóhanna Hansen
barnabörn og langömmubörn.



Eiginmaður minn,
Ólafur Þór Ólafsson
bóndi,
Valdastöðum, Kjós,

sem lést laugardaginn 15. október,
verður jarðsunninn frá Reynivallakirkju í
Kjós laugardaginn 22. október kl. 13.

Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja
minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd aðstandenda,
Þórdís Ólafsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Anna Lísa Kristjánsdóttir
Sóltúni 7, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum þann
17. október síðastliðinn. Innilegar
þakkir til hjúkrunarfólks fyrir einstaka
umönnun. Útförin fer fram fimmtudaginn 27. október
kl. 11 í Langholtskirkju. Þeim sem vilja minnst hennar er
bent á Krabbameinsfélagið.

Guðbjörn Axelsson
Elisabet Guðbjörnsdóttir Björn Jónasson
Axel Sæmann Guðbjörnsson Ólöf Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.



Svava Johansen, eigandi Northern Trading Company, fagnar fjörtíu ára afmæli fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NTC fagnar 40 ára afmæli

Verslunarkerðjan Northern Trading Company fagnar nú fjörtíu ára afmæli. Fyrirtækið hefur verið leiðandi í innflutningi, framleiðslu og sölu á tiskufatnaði á Íslandi frá því árið 1976.

„Við ætlum að vera með afmælisviku í verslunum okkar 25.-29. október þar sem verða fjölbreytt tilboð með 40% afslætti. Einnig verðum við með partí í nýbreyttri verslun Gallerí 17 Kringlunni fimmtudagskvöldið 27. október, þar sem við bjóðum upp á veitingar, verðum með lulluhjól og Instagram-leik. Öllum velunnurum, viðskiptavinum, og núverandi og fyrrverandi starfsfólki er boðið,“ segir Svava Johansen, eigandi NTC, en verslunarkerðjan, fagnar nú 40 ára afmæli fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur í fjörtíu ár verið leiðandi í innflutningi, framleiðslu og sölu á tiskufatnaði á Íslandi. Fyrirtækið er

byggt á grunni heildsölu sem var stofnuð um miðja síðustu öld en verslunarkerstur hófst árið 1976 þegar verslunin Sautján var opnuð á Laugavegi 46.

„Ég kom sjálf inn í reksturinn þegar verslunin var á Laugavegi 51, 100 fermetra verslun. Verslanir NTC eru 16 talsins í dag en sú sautjándi verður opnuð nú um mánaðamótin í Kringlunni. Þar munu Ásgeir Frank, 20 ára sonur minn, og æskuvinnur hans, Einar Sveinn opna nýja flotta herraverslun,“ segir Svava.

Það er óhætt að segja að vöxtur fyrirtækisins hófst fyrir alvöru þegar NTC tók þátt í opnun Kringlunnar, fyrstu vers-

unarmiðstöðvar á Íslandi, árið 1987. Þá opnaði Sautján nýja verslun en fljótlega fjölgaði verslunum þegar bæði SMASH og GS Skór opnuðu.

„Fjölbreytni er mjög mikilvæg og tel ég að það eigi stóran þátt í að fyrirtækið hafi lifað svona lengi. Ekki vil ég þó gleyma því að starfsfólkið er númer eitt, og ástæða þess að fyrirtækið hefur lifað svo lengi. Við erum ein fjölskylda – það er ótrúlega margt hæfileikaríkt og dugnaðarfólk sem hefur unnið hér og á það endalást þakkar fyrir traustid sem það hefur sýnt NTC,“ segir Svava þakklát. gudrunjona@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 21. OKTÓBER 1933

Kosið um afnám bannlaga

Samkvæmt ákvörðun Alþingis fór hinn 21. október 1933 fram þjóðaratkvæðagreiðsla um afnám banns við innflutningi sterkra drykkja. Þátttaka í kosningunum var dræm.

Rúmur helmingur kjósenda mætti ekki til leiks. Aðeins 45,3 prósent þeirra sem á kjörskrá voru greiddu atkvæði. Af greiddum atkvæðum voru 2,4 prósent ógild. 57,7 prósent þeirra sem atkvæði greiddu vildu afnema bannið en það var aðeins rúmur fjórðungur (25,5 prósent) atkvæðisbærra manna. Þessi fjórðungur var látinn nægja til að greiða slitrunum af bannlögum banahöggið.

Ekki voru lögin numin úr gildi strax. Rúmt ár leið þar til Alþingi samþykkti ný áfengislög. Það gerðist 9. janúar 1935. Lögin gengu í gildi 1. febrúar. Þá voru liðin rúm tuttugu ár frá því að bannlögin komu að fullu til framkvæmda.

Þessi lög stóðu mjög að baki áfengislögum frá 1928, meðal annars misstu sveitarfélög réttinn til að hafna verslun með áfengi. Heimild: Lyðheilsustöð.is.



Aðeins tæpur helmingur kjósenda kaus í þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám bannlaga. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Karen Karlsdóttir
lést á líknardeild Landspítalans
17. október síðastliðinn. Útför
hennar fer fram frá Langholtskirkju,
föstudaginn 28. október kl. 14.00.

Karl Birgir Örvarsson Halldóra Árnadóttir
Grétar Örvarsson
Viðar Þorberg Ingason
Dagur Freyr Ingason
barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Sigríður Einarsdóttir
Róðasölum 1, Kópavogi,
lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi 19. október. Jarðarförin
verður auglýst síðar.

Einar Stefánsson
Tryggvi Stefánsson
Erna Stefánsdóttir
Guðbjörg Sigrún Stefánsdóttir
Margret G. Flóvenz
Hrafn Hilmarsson
Oddur Arnason
og fjölskyldur.



Þessi mynd af Samkór Kópavogs var tekin í Stykkishólmskirkju í vorferð kórsins 2016.

Söngur er okkar gjaldmiðill

Samkór Kópavogs fagnar því með tvennum tónleikum í Hjallakirkju í dag að 50 ár eru liðin frá stofnun hans. Erla Alexandersdóttir hefur sungið með honum í 38 ár.

„Ég get alltaf talað um Samkórinn,“ segir Erla Alexandersdóttir bókarhlæjandi, þegar hún er beðin um viðtal vegna 50 ára afmælis Samkórs Kópavogs. Hún hefur verið í kórnum í 38 ár og ætlar að syngja einsöng á tvennum afmælistónleikum í Hjallakirkju á morgun, klukkan 14 og 17. „Aðaleinsöngvarinn er samt Diddú,“ tekur Erla fram og heitir því að tónleikarnir verði veglegir. Meðal annars verði frumflutt tónverkíð Hvarf eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, sérstaklega samið fyrir kórinn í tilefni afmælisins. „Svo syngjum við alls konar lög. Stjórnandi er Friðrik S. Kristinsson og Lenka Mátéova spilar á píanóið,“ bætir hún við.

Erla byrjaði í Samkórnum haustið 1978, rétt orðin 17 ára. „Mamma var ein af stofnendum kórsins 1966 og ég fylgdi henni oft á æfingar þannig að ég hef verið viðloðandi hann alla tíð,“ útskýrir hún og heldur áfram. „Jan Morávek var meðal stofnfélaganna og stjórnaði kórnum þar til hann lést skyndilega 1970.



Erla hefur verið viðloðandi kórinn alla tíð. Hér er hún í kórferð í Vesturheimi.

Þetta er svo yndislegur félagsskapur svo það er ekki hægt að hætta.

Starf kórsins lá niðri frá 1971 til 1978 og þá var mamma ein af driffjöðrunum í að endurvekja hann.“


Í Samkór Kópavogs eru nú nær 80 manns og hafa aldrei verið fleiri að sögn Erlu. „Við fórum um 100 saman til Kanada í sumar, 67 syngjandi og restin makar. Þetta var tíu daga ferð og við sungum úti um allt meðal annars á Íslendingahátíðinni í Gimli. Það er alveg ótrúlegt hvernig tekið er á móti Íslendingum á þessu svæði. Við lentum líka í eftirminnilegu þrumuveðri í ferðinni.“ lýsir hún.

Kórinn æfir í Digraneskirkju og syngur í messum öðru hvoru upp í leiguna. „Söngurinn er okkar gjaldmiðill,“ segir Erla. „Við reynum líka að vera sýnileg sem oftast,“ segir hún og bendir á vef kórsins www.samkor.is. Hún kveðst hafa verið yngst í hópnum lengst af, því kórinn hafi elst saman. „Þetta er yndislegur félagsskapur svo það er ekki hægt að hætta.“ gun@frettabladid.is



Elskuleg stjúpmóðir okkar,
Ásdís Alexandersdóttir
lést þann 15. október síðastliðinn
á Hrafnistu í Reykjavík.
Útför fer fram frá Fossvogskirkju
mánudaginn 24. október kl. 11.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kristin Hauksdóttir
Brynjolv Hauksson



Ástkær eiginkona mín og
lífsvörðunatur,
Valdís Guðbjörg Jónsdóttir
frá Hrisey,
lést laugardaginn 15. október.
Jarðsungið verður frá Hafnarfjarðarkirkju
mánudaginn 24. október kl. 13.00.

Jón Ásgeirsson
& **fjölskylda.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ásmunda Ólafía Ólafsdóttir
(Ása)
áður til heimilis að Hæðargarði 35,
lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund þriðjudaginn 18. október. Útför
hennar verður auglýst síðar.

Erna Eiríksdóttir
Áshildur, Kristján, Styrmir, Guðbjörg
og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma, dóttir og systir,
Alda Rós Ólafsdóttir
kennari og bókhaldari,

lést 17. október 2016 á Landspítalanum
við Hringbraut eftir langvarandi
veikindi. Alda verður jarðsungið
frá Víðalínaskirkju fimmtudaginn 27. október kl. 15.00.

Elin Rut Elíasdóttir
Ragnhildur D. Elíasdóttir
Halldór Ingi Elíasson
Karítas Alda Ásgeirsdóttir
Karítas Haraldsdóttir
Ólafur Már Ólafsson
María Erla Ólafsdóttir

Eliás Guðmundsson
Birnir Sveinsson
Ásgeir Halldórsson
Ólafur I. Rósmundsson
Sigríður S. Óskarsdóttir



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Örn Geirsson
Gullsmára 9, Kópavogi,
lést á líknardeild LSH í Kópavogi þann
14. október. Jarðarförin fer fram frá
Digraneskirkju á mánudaginn,
24. október, kl. 13.00.

Kristjana Arnardóttir
Kristín Arnardóttir
Örn Arnarson
Próstur Arnarson
Björk Arnardóttir
Sigfríð Eik Arnardóttir

Guðmundur Hagalín
Smári Björgvinnsson
Margrét Stefánsdóttir
Hrefna Magnúsdóttir
Hlíðar Kristjánsson
Ómar Svavarsson



Innilegar þakkir viljum við færa öllum
þeim sem sýndu okkur samúð og
hlýhug vegna andláts og útfarar föður
okkar, tengdafaðir, afa og langafa,

Harðar Frímanssonar
Vestursíðu 9, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins
í Lögmannshlið fyrir góða umönnun.

Börn, tengdabörn, afa- og langafabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýhug við andlát
og útför elskulegrar móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Ingibjargar
Bjarnadóttur
Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunardeildar
Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vestmannaeyjum fyrir
góða umönnun og hlýju.

Guðrún Stefánsdóttir
Sigurbjörg Stefánsdóttir
Arnar Sigurmundsson
Páll G. Ágústsson
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær móðir mín og amma,
Stella Jóhannsdóttir
Skipasundi 31, Reykjavík,

lést 10. október.

Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í
Reykjavík mánudaginn 24. október
kl. 13.00. Blóm og kransar

vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vildu minnst hennar
er bent á minningarsjóð Indriða Einarssonar.

Arndís Einarsdóttir
Einar Merlin Cortes
Védís Drótt Cortes
Áslaug Hlökk Cortes



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar
og systir mín,
Valgerður Kristjánsson
Vala,

lést fimmtudaginn 13. október 2016.
Hún verður jarðsungið frá Dómkirkjunni
í Reykjavík þriðjudaginn 25. október klukkan 15.

Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Minningarsjóð
líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

Pétur H. Snæland
Einar Örn Benediktsson
Árni Benediktsson
Brynja Kristjánsson
og **fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Guðmundur Torfason
Magnússon

Þrúðvangi 5, Hafnarfirði,
andaðist þann 15. október í faðmi
fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá
Vidistaðakirkju mánudaginn 24. október kl. 11.00.

Petrína Rósa Ágústsdóttir
Sigríður M. Guðm. Sundin
Guðmundur Örn Guðmundsson
Ágúst Pétur Guðmundsson
Gústav, Otis, Carolina og Oscar
Svanur, Aron, Irena, Sandra og Ísabella

Peter Sundin
Linda Hrönn
Eggertsdóttir
Kristín Lilja
Garðarsdóttir



298
kr. 400 g

KW Pipardropar
400 g



298
kr. 400 g

Bónus Piparkökur
400 g



498
kr. 700 g

Bónus Jólakaka
700 g

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**



898
kr. pk.

Nicky Salernispappír
16 rúllur í pakka - Verð áður 998 kr.

Ný sending
LÆGRA VERÐ

**SÉRSKORIÐ
LAMBALÆRI**



1.398
kr. kg

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt, kryddað, sérskorið

**ÓDÝR
PIZZUVEISLA**



198
kr. stk.

ES Ostapizza
Frosin, 300 g

**ENGIN
KOLVETNI**



179
kr. 591 ml

Powerade Zero
591 ml, 3 teg.



259
kr. 330 ml

Nocco BCAA Orkudrykkur
330 ml, 4 teg.

NÝTT Í BÓNUS

**AÐEINS
1 GRAMM SYKUR**



339
kr. 60 g

One Próteinstykki
60 g



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ÍTALSKIR TÖFRAR



398
kr. 100 g

Ítölsk Purrskinka
100 g

HALLOWEEN



259
kr. kg

Grasker



GOTT VERÐ Í BÓNUS



198
kr. 400 g

Wewalka Pizzadeig
Ferskt, 400 g



ÍSLENSKT PEPPERONI

395
kr. pk.

Stjörnugrís Pepperoni
180 g



498
kr. 370 g

MS Rifinn Ostur
370 g



279
kr. 250 g

Íslenskir Sveppir
250 g



259
kr. 400 g

HP Rúgbrauðskubbur
400 g

BEINHREINSAÐUR SALTÞISKUR



998
kr. kg

Norðanfiskur Saltfiskbítar
Útvatnaðir, frosnir

NÝ UPPSKERA



198
kr. kg

Íslenskar Kartöflur
Rauðar eða gullauga, í lausu



198
kr. kg

Rófur

BONUS EKKERT BRUÐL

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Búningarnir hafa fylgt sýningunni frá því hún var frumsýnd árið 1994. Þeir eru eftir danskan hönnuð og eru í endurreisnarstil.

Sagan segist vel á þennan máta

Ballettinn Rómeó og Júlía eftir okkar heimspekkta dansara og danshöfund Helga Tómasson mun birtast á hvíta tjaldinu í Bíói Paradís í kvöld og annað kvöld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Ég hef það mjög gott. Það hefði verið gífurlega gaman að vera kominn heim á frumsýninguna í Bíói Paradís en þannig stendur á að dansflokkurinn minn er með frumsýningu í Los Angeles á sama tíma. Ég er að hendast þangað,“ segir ballettstjórinn Helgi Tómasson

en rómaður ballett hans um Rómeó og Júlíu, í uppfærslu San Francisco ballettsins, verður sýndur í bestu mögulegu hljóð- og myndgæðum í Bíói Paradís í kvöld.

„Sýningin er mín útgáfa af þessari klassísku sögu. Ég samdi öll spor og hreyfingar eftir því hvernig ég heyrði músikina og sá hlutina fyrir mér. En ég fékk annan mann til að æfa dansarana í skýlmingum,“ segir Helgi.



Helgi hefði viljað vera kominn heim fyrir frumsýninguna á Íslandi í kvöld. MYND/ ERIK TOMASSON

Ballettinn hans, Rómeó og Júlía var frumsýndur árið 1994 og vakti strax mikla hrifningu. Um víðamikla sýningu er að ræða sem hefur verið sett upp víða í stórborgum erlendis, meðal annars í Washington og Los Angeles. Búningarnir

hafa verið hinir sömu frá upphafi. Þeir eru í endurreisnarstil.

Margar ballettútgáfur eru til af Rómeó og Júlíu, Helgi kveðst hafa séð nokkrar þeirra þegar hann var yngri en aldrei haft tækifæri til að dansa í þeim, sem hafi verið til

bóta þegar hann samdi sína útgáfu. Hann telur efnið algerlega tímalaut. „Þó að sagan sé frá miðöldum gæti hún gerst á öllum tímum, meðal annars í dag og tónlistin eftir Prokofiev er alveg stórkostleg svo þetta er einn af alvinsælustu ballettum sem sýndir eru í heiminum og alveg við hliðina á Svanavatninu.“

Helgi er líka mjög ánægður með hvernig kvikmyndatakan tókst. „Sá sem var bak við tókuvélarnar heitir Tomas Grimm, er þýskur en býr í Kaupmannahöfn og er giftur fyrrum ballettdansara hjá konunglega ballettinum þar. Hann hefur næma tilfinningu fyrir dansi og hefur gert margar danskvikmyndir svo ég fékk hann í þetta verkefni. Svo fór ég til Berlínar til að vera með honum í eftirvinnslnu. Það voru svo margar myndavélar í salnum og því var hægt að velja saman sjónarhornin. Þetta tókst gífurlega vel og það er mikið um nærmyndir af fólkinu og túlkun þess á tilfinningum. Sagan segist vel á þennan máta og ég vona að þið heima njótið sýningarinnar,“ segir hann og bætir við. „Mér skilst að haustlægdörnar séu eitthvað að hrella ykkur þessa dagana. Þá er nú gott að fara í bíó.“

Forvitnilegur efniviður en án úrvinnslu

BÆKUR

Kúbudagbókin anno 1983

★★★★★

Óskar Árni Óskarsson

Útgefandi: Sæmundur
Prentun: Svet Print, Slóveníu
Síðufjöldi: 74
Kápa: Aðalsteinn Svanur Sigfússon

Óskar Árni Óskarsson hefur skapað sér umtalsverða sérstöðu í íslenskum bókmenntum á liðnum árum. Ljód, smáprósar og þýðingar hafa oftast en ekki leikið í höndum skáldsins sem stundum hefur verðskuldað verið kallað meistari smáprósans og hversdagsins. Árið 2008 sendi Óskar Árni frá sér bókina Skuggamyndir úr ferðalagi, en hún hlaut verðskuldað tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Skuggamyndir úr ferðalagi er

eins og titillinn gefur til kynna ferðabók í grunninn og þannig er það líka með nýttkomna bók Óskars Árna. Kúbudagbókin anno 1983 kom reyndar út í örfáum eintökum á vegum Tunglútgáfunnar á síðasta ári en kemur nú út á vegum bókaútgáfunnar Sæmundar. Í Kúbudagbókinni segir frá því þegar Óskar Árni hélt til Kúbu árið 1983, ásamt hópi Íslendinga og fleiri Norðurlandabúum, til þess að dvelja þar í mánaðartíma. Verkefni hópsins var að taka þátt í uppbyggingu Kúbu með því að hjálpa til við ýmis störf, svo sem við bæði landbúnað og byggingarvinnu. Kvöldunum og öðrum frítíma virðist svo hafa verið varið að talsverðu leyti í að hlusta á fyrirlestra um byltinguna og önnur þjóðfélagsleg málefni eða að drekka smá romm og njóta lífsins.

Kúbudagbókin anno 1983, kemur út í nánast óbreyttri mynd þeirrar

dagbókar sem Óskar Árni hélt á þessu forvitnilega ferðalagi. Hún einkennist af einföldum lýsingum á ferðalaginu sjálfu, vinnunni, ferðafélögnum, landi og þjóð og öðru því sem fyrir augu ber. Litlar sem engar vangaveltur er að finna um gildi þess sem verið er að takast á við, hvorki í mannlegu né pólitísku tilliti, en eru efnin þó ærin. Fátt eitt í textanum gefur lesandanum heldur tilefni til þess að velja fyrir sér stöðu og þróun þessa sérstæða samfélags sem Kúba svo sannarlega var á þessum árum og er efallitið enn að miklu leyti. Með sama hætti



fer lítið fyrir því að brugðið sé upp skýrum myndum af samferðafólki eða þeim sem á vegi verða. Þarna fara góð tækifæri forgröðum.

Stíll bókarnar er minimalistískur og í anda þess sem Óskar Árni átti síðar eftir að ná firnagöðum tókum á í t.d. Skuggamyndir á ferðalagi, en sem hrá og óunnin dagbókar skrif þá nær textinn ekki flugi.

Þó það sé vissulega forvitnilegt að lesa um þessa ferð, aðstæður fólksins á Kúbu og vinnu gestanna þá verður það í sjálfu sér lítið

meira en sagnfræðileg heimild og ákveðin heimild um þróun Óskars Árna sem höfundar. Sagnfræðilegar heimildir eru góðar og mikilvægar sem slíkar er fyrir lesanda og unnanda fyrri verka Óskars Árna þá eru væntingarnar aðrar og meiri en Kúbudagbókin stendur undir. Það er kannski eilítið ósanngjörn krafa en það hefði engu að síður verið forvitnilegt að sjá afrakstur þess að sjá Óskar Árna dagsins í dag takast á við og leika sér að þessum dagbókar skrifum frá 1983. Einfaldlega vegna þess að Óskar Árni hefur mikið þróast og þroskast sem höfundur og skáld á þessum árum og er í raun langtum betri höfundur en Kúbudagbókin gefur til kynna. **Magnús Guðmundsson**

NIÐURSTADA: Óunnin dagbókar skrif frá 1983 á áhugaverðu viðfangsefni Óskars Árna standast ekki væntingar.

Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá:

639.800.-



Skoðaðu rúmin okkar
áður en þú tekur
ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is




Nordic Seamless*

Verð frá:

330.750.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



Continental*


Verð frá:

399.500.-

* Stærð: 180x200, gafl ekki innifalinn í verði

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Föstudagur



Ákveðin suðaustanátt í dag. Rigning sunnan og vestan til á landinu og sums staðar talsverð rigning um tíma. Skýjað með köflum um landið norðaustanvert og yfirleitt þurr. Milt í veðri, hiti 7 til 14 stig, hlýjast fyrir norðan.

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7°	7°	9°
↗ 3	↑ 8	↑ 5
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
9°	9°	7°
↑ 11	↖ 8	↑ 16

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7°	4°	5°
↑ 6	↑ 7	↓ 2
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
8°	6°	1°
↑ 9	→ 1	↑ 3

Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- yndi
 - hljóm
 - hallandi
 - missir
 - gangþófi
 - tipl
 - högg
 - átt
 - þreyta
 - kvenkyns hundur
 - sjúkdómur
 - truflun
- LÓÐRÉTT**
- tími myrkurs
 - þys
 - milligerð
 - blekking
 - naggrís
 - blaður
 - samræða
 - köttur
 - hlóðir
 - bókstafur

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LAUSN

LÁRÉTT: 2. yndi, 3. hljóm, 4. hallandi, 5. missir, 6. gangþófi, 7. tipl, 8. högg, 9. átt, 10. þreyta, 11. kvenkyns hundur, 12. sjúkdómur, 13. truflun, 14. spær, 15. sv. 17. hlí, 18. 18. 20. ms. 21. ónað. LÓÐRÉTT: 1. nótt, 2. ys, 3. skítrúm, 4. skítrúm, 5. tál, 6. mörvin, 7. tál, 8. tál, 9. tál, 10. pip, 11. tál, 12. tál, 13. tál, 14. tál, 15. tál, 16. stó, 17. ka.

Skák Gunnar Björnsson

Dagur Ragnarsson (Fjölmi) átti leik gegn Hannesi Hlifari Stefánssyni (Hugin) á Íslandsmóti skáklélaganna.

Svartur á leik

26. ... Rf4+! 27. gxf4 exf4. Hvítur gaf vegna hótunarinnar 28. ... f3+. Snarplega teflt hjá Degi. Minnstu munaði að Fjölismenn unnu Hugin á mótinu en umskiptin í skák Helga og Ris réðu mestu um að svo varð ekki.

www.skak.is: Æskan og ellin á morgun.



Sudoku

LÉTT

		9		3		7
2	4	7				6
7	4			1		
	6		7	2		
9	7		2		6	
3	8	1	6			
		5	4	2		
3	6	1	4	5		
5		3				

MIDLUNGS

	1	4		8				
				2	4			
						5	9	
3	8		7	5	2			
			9	1	5		8	
6			2					
	3	6				4		
7	2	1	9					
5						1		

ÞUNG

	1	9				8		5
		6					4	
	5	7					1	3
				4	6			9
	3		9					1
		2		5				
8				7	2			
	1							
	9	3						2


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9
9	2	7	5	4	8	3	6	1
8	4	5	6	3	1	9	2	7
1	3	6	9	2	7	4	5	8
7	5	2	1	6	3	8	9	4
3	9	8	4	5	2	1	7	6
6	1	4	7	8	9	2	3	5
2	7	1	8	9	5	6	4	3
5	6	3	2	1	4	7	8	9
4	8	9	3	7	6	5	1	2
1	5	4	8	2	6	9	3	7
6	3	7	1	9	5	4	8	2
8	9	2	3	4	7	5	1	6
2	8	6	5	1	9	7	4	3
9	7	5	4	3	8	6	2	1
3	4	1	7	6	2	8	9	5
4	2	8	6	5	3	1	7	9
5	1	9	2	7	4	3	6	8
7	6	3	9	8	1	2	5	4


Myndasögur

PONDUS




Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



Óður til lífsins Sigríður Soffía Nielsdóttir setur upp persónulegt dansverk. Kveikjan að því er upplifun hennar af hryðjuverkunum í París en þar var hún stödd í návígi við hryllinginn.

Obama á útleið

Stóru loforðin runnu sum út í sandinn en vinsældir forsetans hafa aukist á síðustu mánuðum hans í embættinu.



Fall Pogba

Paul Pogba, leikmaður Manchester United og dýrasti knattspyrnumaður sögunnar, hefur verið eins og skugginn af sjálfum sér á keppnistímabilinu.

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Troll (L) **GRIMM** (12)

ANASTASIA 2. nóvember í Háskólabíói

Jólatónleikar **ANDRÉ RIEU** 19. nóv. og 3. des í Háskólabíói

GEFÐU UPPLIFUN GJAFABRÉF Í BÍÓ

KVIKMYND EFTIR TIM BURTON **INFERNÓ** (12)

THE GIRL ON THE TRAIN **EMPIRE** (12)

BRIDGET JONES'S BABY (12)

Sýningartímar á miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Miðasala og nánari upplýsingar

TILBOÐ KL 4 (L)

Troll (L) **GRIMM** (12)

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
JACK REACHER 2	8, 10:30
TRÖLL 2D ISL.TAL	4, 6
GRIMM	5:45, 10:30
INFERNÓ	8, 10:30
BRIDGET JONES'S BABY	5, 8
STORKAR 2D ISL.TAL	3:45

SAMBIÓN SAMbio.is

Tom Cruise er mættur aftur sem Jack Reacher

Byggð á samnefndri metsölubók

★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY

★★★★★ VARIETY

Emily Blunt Justin Theroux

THE GIRL ON THE TRAIN

Mynd sem þú mátt ekki missa af

STORKS Sýnd með íslensku tali

★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER

★★★★★ THE WRAP

★★★★★ THE GUARDIAN

★★★★★ EMPIRE

★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER

DEEPWATER HORIZON Ein magnaðasta stórmynd ársins

★★★★★ BRIDGET JONES'S BABY

★★★★★ EMPIRE

★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY

TOM HANKS

Nýjasta stórmynd Clint Eastwood

SULLY

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
JACK REACHER kl. 5:30 - 8 - 10:30	JACK REACHER kl. 5:30 - 8 - 10:30
JACK REACHER VIP kl. 5:30 - 8 - 10:30	CAN'T WALK AWAY kl. 6
THE GIRL ON THE TRAIN kl. 5:30 - 8 - 10:30	THE GIRL ON THE TRAIN kl. 5:30 - 8 - 10:30
DEEPWATER HORIZON kl. 10:20	DEEPWATER HORIZON kl. 8 - 10:20
STORKAR ISL.TAL kl. 4 - 6	STORKAR ISL.TAL kl. 6
SULLY kl. 5:50 - 8 - 10:10	SULLY kl. 8 - 10:10
MECHANIC: RESURRECTION kl. 10:20	KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
WAR DOGS kl. 8	JACK REACHER kl. 5:30 - 8 - 10:30
ROBINSON CRUSOE ISL.TAL kl. 3:40	THE GIRL ON THE TRAIN kl. 8 - 10:40
PETE'S DRAGON kl. 3:20	STORKAR ISL.TAL kl. 6
SUICIDE SQUAD 2D kl. 5:20	BRIDGET JONES'S BABY kl. 5:20 - 8 - 10:30
LEYNILÍF GÆLUÐÝRA ISL.TAL 2D kl. 3:30	KEFLAVÍK
AKUREYRI	JACK REACHER kl. 8 - 10:30
JACK REACHER kl. 5:30 - 8 - 10:30	TRÖLL ISL.TAL kl. 6
THE GIRL ON THE TRAIN kl. 8	INFERNÓ kl. 10:30
DEEPWATER HORIZON kl. 10:30	THE GIRL ON THE TRAIN kl. 8
STORKAR ISL.TAL kl. 6	STORKAR ISL.TAL kl. 6

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

21. OKTÓBER 2016

Tónlist

Hvað? Örlítið meiri diskant - Söngskemmtun til heiðurs Ingimari Eydal
Hvenær? 21.00
Hvar? Græni hatturinn Söngskemmtun þar sem öll vinsælustu lög Hljómsveitar Ingimars Eydal eru tekin fyrir. Ingimar hefði einmitt orðið 80 ára þann 20. okt. Söngvarar eru Þorvaldur Halldórsson og Helena Eyjólfsdóttir og um hljóðfæraleik og söng sjá þeir Brynleifur Hallsson, Magni Ásgeirsson, Sævar Benediktsson, Valmar Valjots, Ármann Einarsson og Valgarður Óli Ómarsson og allir þekktja lögin.

Hvað? Trío Reykjavíkur
Hvenær? 21.15
Hvar? Kjarvalsstaðir Snert hörpu mína: Atli og Beethoven. Listasafn Reykjavíkur og Trío Reykjavíkur hefja í haust

Bubbi og Dimma halda tónleika á Nasa í kvöld.
 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



níunda starfsár hádegistónleika á Kjarvalsstöðum. Til áramóta er gert ráð fyrir tónleikum föstudaginn 21. október og 11. nóvember. Miðað er við að fólk geti brotið upp daginn og tekið sér hlé frá vinnu með fagurri tónlist í hlýlegu umhverfi. Trío Reykjavíkur skipa Richard Simm píanóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðuleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari. Allir velkomnir. Frítt inn.

Hvað? DJ Styrmir Dansson
Hvenær? 21.00
Hvar? Hverfisgata 12

Hvað? DJ Simon FKNHNDM
Hvenær? 22.00
Hvar? Kaffibarinn

Hvað? Bubbi & Dimma
Hvenær? 20.30
Hvar? Nasa Reykjavík BUBBI & DIMMA – tónleikaplata og tónleikaferð um landið. Platan var tekin upp í Háskólabíói fyrr á árinu þegar tónlist EGO var leikin á nokkrum tónleikum fyrir fullu húsi. Í tilefni þessa verður land lagt undir fót og haldnir verða tónleikar víða um landið.

Hvað? Stefánía Svavars – All star kvöld
Hvenær? 23.59
Hvar? Græna herbergið Stórsöngkonan Stefánía Svavarsdóttir heldur uppi stúðinu í kjallaranum ásamt Hljómsveit. Þessi stúlka er án efa ein okkar allra besta söngkona. Þú vilt ekki missa af þessu! Frítt inn.

Hvað? Saktmóðigur og Suð
Hvenær? 22.00
Hvar? Íslenski rokkbarinn Í tilefni af nýrri plötu frá Suði og því að Móði gamli er að fara í stúdíó ætla þessir gömlu vinir að halda smá ball. Indí- og pönkveisla.

Uppákomur

Hvað? Kvöld með Ladda – Dalvík
Hvenær? 20.00
Hvar? Menningarhúsið Berg Þórhallur Sigurðsson eða Laddi hefur í gegnum tíðina verið okkar ástsælasti skemmtikraftur. Hann hefur gefið okkur fjöldann allan af persónum sem við höfum fengið

að njóta og elska, hann hefur samið og flutt mörg af þekktustu lögum íslenskrar tónlistarsögu og komið fram í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Nú er tækifæri til að hitta Ladda í návígi, skyggnast á bak við grímuna og heyra hann segja frá ferlinum. Hann mun koma fram ásamt undirleikaranum Hirti Howser, fara yfir persónurnar og lögin, segja frá tilurð þeirra og segja sögurnar sem fæstir hafa heyrt frá honum sjálfum.

Hvað? Morgunverðarfundur um mataraðstoð
Hvenær? 08.30
Hvar? Grand Hótel Reykjavík Pepp Ísland kynnis, í samstarfi við Velferðarvaktina, morgunverðarfund um mataraðstoð þar sem leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum. Hvert er umfang mataraðstoðar á Íslandi? Hver er reynsla fólks af mataraðstoð? Hvernig er þróun þessara mála í Evrópu? Er leið út úr mataraðstoð?

Eru möguleikar á fjölbreyttari þjónustu samhlíða mataraðstoð? Við viljum hvetja alla sem hafa reynslu af slíkri aðstoð til þess að mæta og taka þátt í umræðunum!

Fundir

Hvað? Hádegisfyrirlestrar tónlistardeildar: Virginia Eskin
Hvenær? 12.45
Hvar? Listaháskóli Íslands, Sölvhólsgrötu Virginia Eskin er bæði listamaður og kennari. Hún hefur kennt og haldið fyrirlestra í háskólum víðsvegar um Bandaríkin og Evrópu, t.a.m. í New England Conservatory, Boston-háskóla, Harvard, Brandeis, Northeastern, Gouchar, University of Alabama, American College of Greece, og Alþjóðlegu stofnuninni í Madrid. Hún tekur reglulega þátt í endurnenntunarnámskeiðum, viðburðum fyrir eldri borgara og öðrum samfélagslega tengdum verkefnum.

Hvað? Doktorsvörn Erlu Dórisar Halldórsdóttur: Fæðingarhjálp á Íslandi 1760-1880

Hvenær? 13.00
Hvar? Háskóli Íslands, Aðalbygging, Hátiðasalur Í dag fer fram doktorsvörn við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Þá ver Erla Dórisa Halldórsdóttir doktorsritgerð sína: Fæðingarhjálp á Íslandi 1760-1880. Andmælendur eru Ólöf Garðarsdóttir, prófessor við menntavísindasvið og Ólöf Ásta Ólafsdóttir, dósent við heilbrigðisvísindasvið hjúkrunarfræðideildar í ljósmóðurfræði. Aðalleiðbeinandi Erlu Dórisar Halldórsdóttur var Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við sagnfræði- og heimspekideild, en í doktorsnefnd voru auk hans Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið hjúkrunarfræðideildar, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við félagsvísindasvið stjórnmálafræðideildar.

Uppboð í 20 ár

Listmunauppboð í Gallerí Fold

Þriðjudaginn 25. september, kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna ásamt fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Louisa Matthíasdóttir

Forsýning í Gallerí Fold alla helgina
 föstudag kl. 10-17, laugardag kl. 11-16, sunnudag kl. 12-16, mánudag kl. 10-17, þriðjudag kl. 10-17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Embrace Of The Serpen.....17:30
 Innsæi / The Sea Within18:00
 Captain Fantastic.....17:30
 The Disaster Artist: A Night Inside The Room.....20:00
 The Room.....22:00
 Romeo & Juliet: San francisco ballet.....20:00
 Ransacked20:00
 Miss Peregrine's Home for Peculiar Children.....22:00
 The Neon Demon.....22:45

THE ROOM

DAGSKRÁ

Föstudagur



LOGI

Lauflettur og bráðskemmtilegur þáttur þar sem Logi Bergmann fer á kostum sem þáttastjórnandi. Gestir hans í þessum þætti verða þau Gulli Helga og hjónin Tobba Marinós og Karl Sigurðsson. Soffía Björg tekur lagið og uppistandarinn Jóhannes Ingi tekur létt grín.

SPENNANDI
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



THE X-FACTOR UK

Einn vinsælasti hæfileikabáttur í heimi þar sem þau Sharon Osbourne, Louis Walsh og Nicole Scherzinger ásamt Simon Cowell eru í dómarsætinum og freista þess að finna næstu stórstjörnu Bretlands.



FRÁBÆR
FJÖLSKYLDUPÁTTUR!



SEA OF LOVE

Frank Keller er leynilögrelumaður í New York. Hann fær það verkefni að elta uppi alræmdan raðmorðingja og fellur fyrir hinni grunuðu. Aðalhlutverk leika Al Pacino og Ellen Barkin.

SPENNUMYND!



THE CAPTIVE

Átta árum eftir að Cassandra hvarf sporlaust fer foreldrum hennar og lögglunni að berast vísbendingar um að hún sé enn á lífi og jafnvel ekki langt undan.



3

GRANTCHESTER

Breskir spennuþættir um prestinn Sidney Chambers og lögglummanninn Geordie Keating sem rannsaka flókin sakamáli í bænum þeirra Grantchester á sjötta áratug síðustu aldar.



NÝTT Á STÖÐ 3

STÖÐ 2

- 07.20 Tommi og Jenni
- 07.45 Kalli kanina og félagar
- 08.05 The Middle
- 08.30 Pretty Little Liars
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.20 Grand Designs Australia
- 11.10 Restaurant Startup
- 11.50 White Collar
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Trip to Italy
- 14.45 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian
- 16.30 Chuck
- 17.15 Tommi og Jenni
- 17.40 Bold and the Beautiful
- 18.05 Nágrannar
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Íþróttir
- 19.05 Fréttir Stöðvar 2
- 19.20 Logi 2016 Lauflettur og bráðskemmtilegur þáttur þar sem Logi Bergmann fer á kostum sem þáttastjórnandi. Hann fær til sín vel valda og skemmtilega viðmælendur og auk þess verður boðið upp á frábær tónlistaratriði og ýmsar óvæntar upptökur.
- 20.10 The X-Factor UK
- 21.35 The X-Factor UK
- 22.25 Sea of Love Spennumynd með Al Pacino og Ellen Barkin í aðalhlutverkum. Frank Keller er leynilögrelmaður í New York borg. Hann fær það verkefni að elta uppi raðmorðingja og fellur fyrir hinni grunuðu.
- 00.15 Kill Your Darlings
- 01.55 Amy Vönduð heimildarmynd um söngkonuna Amy Winehouse, sem lést af alkóhóleitrun árið 2011. Einstök heimildarmynd um Amy Winehouse, æskuár hennar og fjölskyldulíf, ferillinn, tónlistina, vinina og það sem dró hana til dauða. Amy Winehouse var einstök listakona sem lést langt um aldur fram þann 23. júlí 2011, aðeins 27 ára að aldri.
- w04.00 Fruitvale Station
- 05.25 The Middle

SPORT

- 07.00 Domino's-deild karla
- 08.40 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
- 09.05 UEFA Europa League
- 10.45 UEFA Europa League
- 12.25 UEFA Europa League
- 14.05 UEFA Europa League
- 15.45 NFL Gameday 16/17
- 16.15 Domino's-deild karla
- 17.55 PL Match Pack
- 18.25 La Liga Report
- 18.55 Evrópudeildarmörkin
- 19.45 Domino's-deild karla
- 22.00 Körfuboltakvöld
- 23.40 Premier League Preview
- 00.10 Bundesliga Weekly
- 00.40 PL Match Pack
- 01.10 La Liga Report
- 01.40 Evrópudeildarmörkin
- 02.30 Formúla E - Magazine Show

SPORT 2

- 07.00 UEFA Champions
- 08.40 UEFA Champions
- 10.20 UEFA Champions
- 12.05 UEFA Champions
- 13.50 Meistaradeildarmörkin
- 14.20 UEFA Champions
- 16.00 UEFA Champions
- 17.40 UEFA Champions
- 19.20 UEFA Champions
- 21.00 Meistaradeildarmörkin
- 21.30 Premier League Preview
- 22.00 Formúla E - Magazine Show
- 22.30 Domino's-deild karla
- 00.10 Domino's-deild karla
- 01.50 Körfuboltakvöld

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

STÖÐ 3

- 17.50 Mike and Molly
- 18.10 Two and a Half Men
- 18.35 New Girl
- 19.00 Modern Family
- 19.25 Fóstbræður
- 19.55 Silicon Valley
- 20.25 The New Adventures of Old Christine
- 20.50 NCIS: New Orleans
- 21.35 Grantchester
- 22.25 Fresh Off the Boat
- 22.45 Fóstbræður
- 23.15 Silicon Valley
- 23.45 The New Adventures of Old Christine
- 00.05 NCIS: New Orleans
- 00.50 Grantchester
- 01.35 Tónlist

KRAKASTÖÐIN

- 07.00 Könnuðurinn Dóra
- 07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 07.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 08.00 Áfram Diego, áfram!
- 08.24 Svampur Sveins
- 08.49 Lalli
- 08.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 09.00 Lina Langsokkur
- 09.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 09.37 Stóri og Litli
- 09.49 Hvellur keppnisbill
- 10.00 Zigby
- 10.10 Ævintýraferðin
- 10.25 Skógardýrið Húgó
- 10.47 Mæja býfluga
- 11.00 Könnuðurinn Dóra
- 11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 11.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 12.00 Áfram Diego, áfram!
- 12.24 Svampur Sveins
- 12.49 Lalli
- 12.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 13.00 Lina Langsokkur
- 13.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 13.37 Stóri og Litli
- 13.49 Hvellur keppnisbill
- 14.00 Zigby
- 14.10 Ævintýraferðin
- 14.25 Skógardýrið Húgó
- 14.47 Mæja býfluga
- 15.00 Könnuðurinn Dóra
- 15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 15.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 16.00 Áfram Diego, áfram!
- 16.24 Svampur Sveins
- 16.49 Lalli
- 16.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 17.00 Lina Langsokkur
- 17.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 17.37 Stóri og Litli
- 17.49 Hvellur keppnisbill
- 18.00 Zigby
- 18.10 Ævintýraferðin
- 18.25 Skógardýrið Húgó
- 18.47 Mæja býfluga
- 19.00 House of Magic

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Keb Hana Bank Championship
- 10.30 Inside The PGA Tour 2016
- 10.55 Golfing World 2016
- 11.45 CIMB Classic
- 15.45 PGA Tour 2016 - Highlights
- 16.40 Samsung Unglingaeinviðið 2016
- 17.20 Golfing World 2016
- 18.10 Inside the PGA Tour 2016
- 18.35 CIMB Classic
- 22.35 PGA. Arnold Palmer Special
- 23.00 BMW Championship
- 22.05 Champions Tour Highlights 2016
- 03.00 CIMB Classic

BÍÓSTÖÐIN

- 09.40 The Amazing Spider-Man 2
 - 12.00 Tammy
 - 13.40 Longest Ride
 - 15.50 The Amazing Spider-Man 2
 - 18.10 Tammy Melissa McCarthy leikur Tammy sem einn daginn stendur uppi atvinnulaus og eiginmaðurinn farinn frá henni. Í leit að tilbreytingu bíður hún drykkfelldri ömmu sinni með sér í bíltúr út í buskann á bílskrjóð sem er á mörkum þess að geispa golunni. Bilferðin er skrautleg en þegar Tammy ákveður að ræna skyndibitastað þá fara hlutirnir að gerast fyrir alvöru. Með önnur aðalhlutverk fara Susan Sarandon og Kathy Bates.
 - 19.50 Longest Ride
 - 22.00 The Captive
 - 23.50 Cadillac Man
- Sólumaður á í hættu að missa vinnuna, ástkonuna, hina vinkonuna, mafiuverndarengilinn sinn og dóttur sína allt sömu helgina.
- 01.25 Homefront
 - 03.05 The Captive

RÚV

- 16.15 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
- 16.20 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
- 16.25 Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
- 16.50 Alþingiskosningar 2016
- 17.50 Táknáfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lautarferð með köku
- 18.03 Pósturinn Páll
- 18.20 Lundaklettur
- 18.30 Jessie
- 18.50 Öldin hennar
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Veður
- 19.40 Augnablik – úr 50 ára sögu sjónvarps
- 20.00 Útsvar
- 21.15 Vikan með Gísla Marteini
- 22.00 Banvæn ást
- 23.35 Imagine Me And You
- 01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 The Millers
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Biggest Loser
- 09.45 The Biggest Loser
- 10.30 Pepsi MAX tónlist
- 13.10 Dr. Phil
- 13.50 Speechless
- 14.10 Girlfriends' Guide to Divorce
- 14.55 The Office
- 15.15 The Muppets
- 15.40 The Good Wife
- 16.25 The Tonight Show with Jimmy Fallon
- 17.05 The Late Late Show with James Corden
- 17.45 Dr. Phil
- 18.25 Everybody Loves Raymond
- 18.45 King of Queens
- 19.10 How I Met Your Mother
- 19.35 America's Funniest Home Videos
- 20.00 The Voice Ísland
- 21.30 Liar Liar
- 23.00 Under the Dome
- 23.45 Prison Break
- 00.35 Sex & the City
- 01.00 Ray Donovan
- 01.45 Quantico
- 02.30 Billions
- 03.15 Under the Dome
- 04.00 The Tonight Show with Jimmy Fallon
- 04.40 The Late Late Show with James Corden

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

TCHAIKOVSKY

Évgení
Ónegin

Tímalaus rússnesk ástargaga

MARGVERÐLAUNAÐUR ÓPERULEIKSTJÓRI
STJARNA FRÁ BOLSHOJ LEIKHÚSINU Í TITILHLUTVERKI

MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS · TRYGGÐU ÞÉR GÓÐ SÆTI!

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BENJAMIN LEVY** · LEIKSTJÓRI **ANTHONY PILAVACHI**
ANDREY ZHILIKHOVSKY · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · ELMAR GILBERTSSON · NATHALÍA D. HALLDÓRSDÓTTIR
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR · ALINA DUBIK · RUNI BRATTABERG · HLÖÐVER SIGURÐSSON
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR · LEIKMYND: EVA SIGNÝ BERGER
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON · BÚNINGAR: MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR
22. OKTÓBER · 29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER

   #islenskaoperan



ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞAD SÓTTI Á MIG Í VINNU VIÐ MYNDINA HVAD VIÐ ERUM MIKLIR HELLISBÚAR AÐ EINHVERJU LEYTI. HVAD DÝRIÐ Í SUMU FÓLKI ER RÍKJANDI. ÉG VAR SVO HEPPIN AÐ HAFA Í KRINGUM MIG GÓÐA VINI OG FJÖLSKYLDU.



Margrét naut stuðnings vina og fjölskyldu þegar hún lék í Grimm og Virginiu Woolf á sama tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Sá sem er grimmur er veikur. Ef þig skortir þessa mikilvægu mannlegu eiginleika, samhygð og samliðan, þá ertu í raun sjúkur. Ég held að við ættum að fara að hugsa um grimmur sem sjúkdóm,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona í spjalli um myndina Grimm sem hún fer með aðalhlutverk í.

Margrét er komin til Íslands frá Berlín þar sem hún er búsett núna til að fylgja eftir aðalhlutverki sínu í kvikmyndinni Grimm. Börnin hennar eru með í för, það er vetrarfrí í skólum í Þýskalandi og því fengu þau að fara með. Ekki óskaveður fyrir fri á Íslandi. Haustlauf slengjast eitt af öðru á stóra glugga listasafnsins. Börnin sitja á lengdar á Kjarvalsstöðum og teikna myndir á meðan Margrét spjallar um hlutverkið í hálfum hljóðum. Enda á myrkt efni myndarinnar ekki erindi við börn.

„Við eigum von,“ segir hún um hugleiðingar sínar um dýrslega eiginleika mannsins. „Við verðum að gera eitthvað í þessu ofbeldi sem beinist gegn konum og börnum þessa heims. Það er svo skelfilegt.“

Kvikmyndin Grimm er ný íslensk spennu- mynd sem fjallar um válega atburði. Tvö stúlku- börn finnast látin í Heiðmörk. Margrét leikur reyndan rannsóknarlögreglumann sem er staðráðinn í að leysa málið. Myndinni er leik- stýrt af Antoni Sigurðssyni sem skrifaði einnig handritið.

„Þetta fjallar um misnotkun á börnum. Myndin er spennu- mynd og í henni eru dregnar upp persónur og lýsingar á mögulegum ger- endum. Ég er viðkvæm manneskja. Sem móðir finnast mér erfitt að dila við að í veröldinni séu svona mörg mál sem tengjast barnaniði að koma upp á yfirborðið. En ég held að allir séu að dila við hvað það er erfitt að þetta sé veru-

„Sá sem er grimmur er sjúkur. Ef þig skortir þessa mikil- vægu mannlegu eiginleika, samhygð og samliðan, þá ertu í raun sjúkur,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir.

leikinn,“ segir Margrét og rifjar upp samtal sem hún átti við föður sinn fyrir um daginn um van- mátt fólks gagnvart réttarkerfinu í málum sem þessum.

„Ég var einmitt að ræða við föður minn um þá staðreynd að enn eru dómur að falla þann- ig að það er ekki hægt að dæma menn fyrir ofbeldi gegn konum og börnum vegna sönn- unarbyrði. Barnið er stundum skilið eitt eftir. Í þessum málum finnst manni orð látið standa gegn orði. Mér finnst skrítið hvað þetta kerfi er karllægt og hversu illa gengur að breyta því,“ segir Margrét.

Áhugi fyrir skandinavískum glæpasögum virðist enn aukast og Margrét segist virða það við leikstjóran að hann hafi ákveðið að skrifa um ofbeldi gegn börnum. „Það er mikill áhugi fyrir glæpasögum, mér sýnist hann ekkert minnka. Anton skrifar þetta handrit sjálfur og mér fannst mjög áhugavert að hann skyldi velja sér þetta viðfangsefni. Ég virði það við hann. Þetta liggur honum nærri og því ákvað ég að

taka þátt. Þetta er hans önnur mynd og hann lagði allt undir til að gera hana,“ segir hún en fyrri kvikmynd leikstjórans er Grafir og bein frá árinu 2014.

„Fáir gera sér grein fyrir því hversu erfitt er að fjármagna heila kvikmynd. Þetta gerir hann á eigin spýtur. Það er erfitt að fá fjármagn og styrki,“ segir Margrét.

Eftir eftirfylgnina hér á landi við kvikmynd- ina snýr Margrét aftur til Berlínar þar sem hún býr. Maðurinn hennar er Egill Heiðar Ant- onsson, próffessor við Ernst Busch háskólann í Berlín. Margrét segir sér líka lífið vel í Berlín og litlar líkur séu á því að hún vilji flytja heim í brád.

„Við komum heilmikið heim til að vinna. Þegar við settum upp Virginiu Woolf í fyrra þá voru fimm sýningar á viku, yfir tuttugu sýningar á einum mánuði. Á sama tíma var ég í tókum á Grimm.“

Ég verð að viðurkenna að það var myrkt. Það sótti á mig í vinnu við myndina hvað við erum

miklir hellisbúar að einhverju leyti. Hvað dýrið í sumu fólki er ríkjandi. Ég var svo heppin að hafa í kringum mig góða vini og fjölskyldu. Mér fannst erfitt að vera fjarri börnunum þennan tíma. Á sama tíma var ég fegin að ég varpaði ekki líðan minni á þau,“ segir Margrét í fullri einlægni og segist hafa verið fegin að komast aftur til barnanna í Berlín.

„Mér finnst gott að búa í Berlín. Þetta er upphaldsborgin okkar Egils. Fyrir okkur er þetta Mekka leiklistar. Algjör suðupottur og svo margt áhugavert þar að sjá í heimi leiklistar. Þetta er líka okkar rómans borg,“ segir Margrét.

Margrét segist dást að lögreglumönnum. „Ég hlýddi tilfinningu Antons fyrir söguhetjunni. Hún er sympatísk kona, maðurinn fyrir sár- inu sem hún hefur orðið fyrir. Þegar hún mætir þessum glæp þá yfist sárið upp.“

Við ræddum heilmikið baksögu hennar áður en við byrjuðum. Ég fór ekki og sat á lögreglu- stöðinni og fylgdist með. Sem leikari þá hef ég viðað að mér miklu, ég hef mjög gaman af rannsóknarvinnunni sem fer fram áður en það er stigið á svið, eða áður en tókur hefst.

Ég dáist að lögreglumönnum og þeim eigin- leikum sem þeir þurfa að búa yfir líkt og lækna- og hjúkrunarfólk. Allt fólk sem þarf að vera í mikilli nánd við fólk í erfiðum aðstæðum. Þurfa til dæmis að yfirheyra manneskju sem er aðframkomin af sorg. Þurfa að krefja slíka manneskju svara á yfirvegaðan hátt. Það er erfitt hlutskipti,“ segir hún og víkur máli sínu að því hversu erfið mál er varða ofbeldi gegn börnum eru. Þau vekti upp reiði.

„Krafan er að uppræta strax, finna sökudólga og það hefur komið okkur í ógöngur í öðrum málum. Svo sem í Guðmundar- og Geirfinns- málinu og Hlíðamálinu svokallaða. Samfélagið krefst niðurstöðu. Við heimtum niðurstöðu og höfum ekki þolinmæði fyrir rannsókninni. Og það gerist auðvitað í þessari mynd að það er kreist fram niðurstaða, en hver hún er og hver- jar afleiðingarnar eru, það get ég auðvitað ekki sagt,“ segir Margrét. kristjanabjorg@frettabladid.is

BYLGJAN
KYNIR
Í SAMVINNU
VIÐ PRIME

ÍSAFJÖRÐUR

15. DES

EGILSSTAÐIR

17. DES

AKRANES

19. DES

AKUREYRI

21. DES

REYKJAVÍK

23. DES

BUBBI

ÞORLÁKSMESSÚTÓNLEIKAR

MÍÐASALA Í FULLUM GANGI Á
WWW.HARPA.IS | MAK.IS | TIX.IS

prime
UMBODSSKRIFSTOFA

BYLGJAN



HARPA

tix.is

BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK



- ENTERTAINMENT WEEKLY



- VARIETY



THE GIRL ON THE TRAIN KOMIN Í BÍÓ

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

SAMbio.is

KEFLAVÍK
SAMBÍÓNAKUREYRI
SAMBÍÓNKRINGLAN
SAMBÍÓNÁLFABAKKI
SAMBÍÓN

Peir félagar Gauti og Keli fóru meðal annars upp á Bæjarins bestu og Keli virðist hafa notað tækifærið og fengið sér eina með öllu.

MYND/FREYR ÁRNASON

Reykjavík frá nýju sjónarhorni

Hreyfill, Bæjarins bestu og Hamborgarabúllan Geirsgötu eru aðeins brot af þeim byggingum sem Emmsjé Gauti hefur klöngrast upp á við tókur á nýjasta myndbandinu sínu við lagið Reykjavík.

Í nýjasta myndbandi rapparans Emmsjé Gauta má sjá einkar glæsileg drónaskot af honum og Kela, trommara Agent Fresco, uppi á húspökum víða um borg þar sem þeir vinirnir virðast njóta útsýnisins þrýðilega. Margir hafa verið að velta fyrir sér hvernig og hvort hann hafi almennt fengið leyfi til að komast upp á þessar byggingar – var þetta allt stórhættulegt og kolólöglegt þríf eða hafði hann leyfi fyrir öllu saman?

Gauti vill meina að þetta hafi auðvitað allt farið löglega fram, „en þetta var miserfitt – eitt ónefnt fyrirtæki lét okkur til dæmis hafa öryggiskóðann fyrir alla bygginguna í gegnum síma og sögðu okkur bara

ÉG ÆTLAÐI AÐ BOXA
VIÐ BUBBA MORTHENS
Í EINU SKOTINU EN BUBBI
GREYIÐ ÞURFTI AÐ FARA Í
ENDAJAXLATÖKU ÞANN DAGINN
SVO VIÐ GERUM ÞAÐ BARA
SÍÐAR.

að fara varlega á meðan annað fyrir-
tæki lét okkur skrifa undir alls konar
samninga þar sem þeir sögðust ekki
taka ábyrgð á slysum og þar sem við
þurftum að lofa að vera ekki að taka
óþarfa áhættu og svo framvegis.

Annars vorum við aðallega að
díla við öryggisverði sem hleyptu
okkur einfaldlega upp á þak, en í

bilastæðahúsinu á Hverfisgötu klifr-
uðum við bara upp á þakið.“

Voru einhver þök sem þið vilduð
komast upp á en fenguð ekki að
aðgang að?

„Við ætluðum að fara upp á Perl-
una en það var ekki hægt. Það má
líka minnst á að ég ætlaði að boxa
við Bubba Morthens í einu skotinu
en Bubbi greyið þurfti að fara í
endajaxlatöku þann daginn svo við
gerum það bara síðar.“

Hvað stjórnaði vali ykkar á húspökum?

„Við reyndum að velja byggingar
sem táknuðu Reykjavík eins og hún
birtist okkur – ekki eins og hún birt-
ist túristum,“ segir Gauti að lokum.

stefanthor@frettabladid.is

Yoko Ono, 13 daga danshátíð

tólfti dagur í draumi

YOKO ONO DANCE CO. 13 DAYS DANCE FESTIVAL COPYRIGHT YOKO ONO + WATER BABYBABY

12th day
dreamtime



SYNTU

SYNTU Í DRAUMI ÞÍNUM EINS LANGT OG
ÞÚ GETUR ÞAR TIL ÞÚ FINNUR
EYJU. SEGÐU OKKUR HVERNIG GEKK.

Yoko Ono 13 daga danshátíð. Reykjavík 2016 © Yoko Ono Dance Company. Listasafn Reykjavíkur.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



JÓLALANDIÐ OPNAR UM HELGINA

Jólandið í **Skútuvoði** hefur glatt börn og fullorðna í áratugi

GLÆSILEG
SERÍUDEILD
OPNAR Í
SKÚTUVOGI

DAGSKRÁ

Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI
Á LAUGARDAG



LEIKHÓPURINN
LOTTA
SKEMMTIR Á
LAUGARDAG
KL. 14

**ALLIR
FÁ ÍS**
Á LAUGARDAGINN
KL. 12-16

**KANÍNU-
KLAPP**
Á LAUGARDAGINN
KL. 13-16

Sérfræðingur í nagdýrum
mætir með kanínur og hamstur
og veitir góð ráð
Börnin fá að klappa kaninum.

**ALLAR
POTTAPLÖNTUR**
30%
AFSLÁTTUR



GÆLUDÝRA
VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR

20%
afsláttur af öllum
gæludýravörum
og fóðri

**HAUST-
LAUKAR**
25%
AFSLÁTTUR



Heilsu torgið
Blómavali Skútuvoði

20%
afsláttur af öllum vörum
á Heilsutorgi



blómaval

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Vestmannaeyjar - Ísafjörður - Selfoss

Bakþankar

Hildar
Björnsdóttur

Kjarasamningar foreldra

Í júlímánuði tók ég við nýju starfi. Ég tilheyrir nú tiltekinni starfsstétt og laun mín taka mið af kjarasamningum. Laun fólks í minni stöðu voru á dögunum hækkuð um 35%. En ekki mín laun. Nei. Launahækkunin nær eingöngu til þeirra sem hefja störf eftir gildistöku samninganna.

Ég er í fæðingarorlofi. Starf mitt er að annast nýfædda dóttur mína. Launin eru orlofsgreiðslur. Kjarasamningarnir eru nýjar reglur um hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Hugsio ykkur aðra kjarasamninga – ef hið sama kæmi upp hjá hjúkunarfræðingum. Eða kennurum. Að eingöngu nýliðar fengju hækkunir. Það myndu allir sjá óréttlætið.

Einhverjir hafa fært fyrir því rök að með reglunum sé ungbörnum mismunað. Þannig fái börn fædd fyrir gildistöku reglnanna ekki sama rétt og börn fædd stuttu síðar – rétt til að njóta foreldra sinna fyrstu mánuði ævinnar.

Þeim feðrum sem nýta rétt sinn til töku fæðingarorlofs fer fækkandi. Það kemur kannski ekki á óvart þegar launamunur kynjanna er enn talsverður. Það er verra að sjá af karlalaunum en kvennalaunum.

Hækkun á hámarksgreiðslum úr fæðingarorlofssjóði er jákvætt skref í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Með breytingunni má vona að fleiri fjölskyldur sjái hag í því að feður taki orlof með nýfæddum börnum sínum, enda hafi það ekki jafn neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar og áður.

Það er þó fráleitt að breytingin taki ekki einnig mið af foreldrum sem enn eiga inni orlof vegna ungbarna fæddra stuttu fyrir gildistöku. Slíkt myndi aldrei liðast um kjarasamninga annarra starfsstétta. Þessu þarf að breyta.

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

RÝMUM FYRIR
NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti.

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rýmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.

RÝMINGARSALA

25-50%
AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

STILLANLEG RÚM



HEILSURÚM OG RÚMGAFLAR



SVEFNSÓFAR

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.isBetra
BAK

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ENGIHJALLA,
VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA

OPIÐ
24
TÍMA

Iceland

DÖGUN
STENDUR MEÐ
SJÓMÖNNUM!

DÖGUN